



FRELSI ÁBYRGÐ VELLÍÐAN ÁRANGUR



Starfsáætlun Garðaskóla 2020-2021

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026

Starfsáætlun Garðaskóla 2020 - 2021
Ritstjóri: Jóhann Skagfjörð Magnússon

Skýrslan er aðgengileg á rafrænu formi á vef Garðskóla: <http://gardaskoli.is/skolinn/starfsaaetlun-gardaskola/>

Efnisyfirlit

Inngangur	5	Ungmennaráð Garðabæjar	19
Samþykki skólaráðs	6	Foreldrar	19
Garðaskóli – hagnýtar upplýsingar	6	Miðlun upplýsinga til foreldra	19
Skrifstofa skólans	6	Inna	20
Aðkoma að skóla	6	Vefur Garðaskóla – gardaskoli.is/	21
Forföll nemenda og leyfisbeiðnir	7	Samráðsfundir með nemendum og forráðamönnum.....	21
Forföll starfsmanna	7	Foreldrafélag	22
Fréttir af starfi skólans	8	Tilhögun kennslu.....	22
Húsnæði skólans	8	Áherslur skólans	22
Upplýsingaver Garðaskóla	9	Grunnpættir menntunar.....	24
Frímínútnavakt.....	10	Heilbrigði og velferð	24
Frístundaheimilið Garðahraun	10	Læsi	26
Óskilamunir	10	Lýðræði og mennréttindi	27
Öryggi nemenda	10	Jafnrétti.....	27
Óveður	12	Sjálfbærni.....	27
Matsala nemenda í Garðaskóla	12	Sköpun.....	28
Stjórnun skólans og starfsfólk.....	12	Áherslur skólaársins 2019-2020	29
Skipurit Garðaskóla	13	Viðmiðunarstundaskrá	30
Skólaráð	13	Valgreinar	30
Starfsfólk	13	Námsáætlanir	31
Nefndir og ráð í skólanum	14	Námsmat	31
Skólaárið og skóladagatal	14	Samræmd próf	32
Sérstakir dagar	15	Stoðþjónusta.....	32
Skóladagur nemenda	15	Námsver Garðaskóla – Miðstöð fyrir stuðning og sérkennslu	32
Skólabragur	16	Nemendavernd	33
Samskipti og skólaandi.....	17	Eineltisáætlun	33
Nemendur	18	Námsráðgjöf	34
Nemendafélag	18	Nemendaráðgjafar.....	34
Nemendaráð	19	Skólafélagsráðgjöf	35
Félagsmálaval	19	Sálfræðiþjónusta	35
Nemendaráðgjafar	19		

Umsóknir um þjónustu	36
Skólaheilsugæsla	36
Túlkapjónusta	36
Áfallaráð.....	36
Trúnaðargögn og skjalavarsla	37
Nánustu samstarfsaðilar	37
Félagsmiðstöðin Garðalundur	37
Fjölskyldusvið Garðabæjar	38
Fræðslu- og menningarsvið Garðabæjar ..	38
Skólanefnd grunnskóla	38
Grunnstöð Garðabæjar	38
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	39
Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu	39
Kirkjan í Garðabæ og önnur trúfélög	39
Mat á skólastarfi og skólaþróun.....	39
Innra mat.....	39
Ytra mat	40
Starfsþróun.....	40
Skólaþróun	41

Inngangur

Í samræmi við 29. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 er hér birt starfsáætlun Garðaskóla 2020-2021. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð starfsáætlunar og annarra hluta skólanámskrár og skulu þessi skjöl unnin í samráði við starfsfólk skólans. Skólanámskrá er nánari útfærsla á Aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaeyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar skal birta upplýsingar um starfslið skólans, stjórnkerfi, mögulegan stuðning fyrir nemendur af ýmsu tagi og almennar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers skólaárs. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólanefnd sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitastjórnar um fyrirkomulag skólahalds. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á vef skólans www.gardaskoli.is.

Með samstarfskveðju,
Jóhann Skagfjörð, skólastjóri

Samþykki skólaráðs

Starfsáætlun þessi eru frumdrög og hafa ekki verið lögð fyrir skólaráð Garðaskóla. Starfsáætlunin er því lögð fram af skólastjóra, með fyrirvara um samþykki skólaráðs.

Garðaskóli – hagnýtar upplýsingar

Garðaskóli v/Vífilsstaðaveg, 210 Garðabær

Sími: 590 2500

Netfang: gardaskoli@gardaskoli.is

Heimasíða: <http://www.gardaskoli.is>

Skólastjóri: Jóhann Skagfjörð, sími 820 8592

Aðstoðarskólastjóri: Ásta Huld Henrysdóttir, sími 899 8128

Umsjónarmaður fasteignar: Zeljko Pjevid, sími 820 8593

Félagsmiðstöðin Garðalundur, sími 590 2575


Forstöðumaður Garðalundar: John Friðrik Bond Grétarsson, sími 820 8571

Skrifstofa skólans

Skrifstofa skólans er opin frá kl. 7:30-15:00 alla virka daga nema á föstudögum þegar hún lokar kl. 14:30. Ritari skólans er Anna María Bjarnadóttir og skrifstofustjóri er Óskar Björnsson.

Aðkoma að skóla

Garðaskóli stendur við Vífilsstaðaveg en inngangar skólans eru ekki sjáanlegir þaðan. Gesta- og starfsmannainngangur er frá bílastæði við íþróttamiðstöðina Ásgarð. Inngangar nemenda eru frá skólalóð austan við skóláhúsnæðið og snúa út að íþróttavöllum við skólann.



Mynd 1. Garðaskóli og nágrenni

Forföll nemenda og leyfisbeiðnir

Forfallatilkynningum er hægt að koma á framfæri með skráningu í Innu (<https://nam.inna.is/auth/login>). Ef forráðamenn vantar frekari upplýsingar eða aðstoð vegna forfalla nemenda geta þeir hringt í skrifstofu skólans í síma 590 2500 eða sent skrifstofunni tölvupóst (gardaskoli@gardaskoli.is).

Netföng starfsfólks má nálgast á vef skólans (<http://gardaskoli.is/skolinn/starfsfolk/>). Yfirlit um ástundun er sent forráðamönnum frá skrifstofu skólans í tölvupósti í lok hverrar viku.

Góð skólasókn og ástundun náms er forsenda þess að vel gangi í námi. Mælst er til þess að foreldrar fylgi því vel eftir við nemendur Garðaskóla að þeir stundi skólann vel og mæti nema forföll séu óumflýjanleg svo sem vegna veikinda, áfalla eða annarra frávika sem útilokað er að hliðra til.

Stjórnendur Garðaskóla leggja áherslu á góða ástundun allt skólaárið. Foreldrar sækja um öll leyfi nemenda með skráningu á Innu. Leiðbeiningar um notkun Innu eru á vef skólans: <http://gardaskoli.is/hagnytt/inna/leidbeiningar-fyrir-innu/>. Ef sótt er um leyfi sem er lengra en 2 skóladagar fer aðstoðarskólastjóri yfir beiðnirnar og afgreiðir.

Í ástundunarreglum Garðaskóla er bæði horft til fjarvistarstiga nemenda sem og raunmætingar í skólann. Einkunn er gefin fyrir ástundun út frá fjölda fjarvistarstiga við lok hvers skólaárs. Fagkennarar fylgjast með ástundun og hegðun nemenda og skrá ákveðin atriði í Innu eftir hverja kennslustund. Öll fjarvera frá skóla lækkar raunmætingu (%) nemanda. Ef lögmætar skýringar liggja að baki fjarverunni þá telst hún ekki til lækkunar á skólasóknareinkunn að vori. Nánari skýringar á viðveruskráningu, og viðbrögðum skólans þegar út af ber í þessum efnum, má lesa á vef skólans: <http://gardaskoli.is/skolinn/samskipti-og-skolaandi/astundun-og-skolasokn/>. Garðaskóli starfar eftir samræmdum ástundunarreglum Garðabæjar.

Það er á ábyrgð forráðamanna að sjá til þess að nemendur vinni upp það námsefni sem þeir missa af í lengra leyfi. Ef leyfisbeiðnir fara úr hófi fram eða ef fjarvera nemanda frá skóla skaðar framgöngu hans í námi gera stjórnendur skólans athugasemd við beiðnirnar og ræða málið við forráðamenn. Verklag í slíkum málum er tilgreint á vef Garðaskóla (<http://gardaskoli.is/skolinn/samskipti-og-skolaandi/astundun-og-skolasokn/>).

Forföll starfsmanna

Þegar kennari forfallast er reynt eftir fremsta megni að skipuleggja forfallakennslu. Starfsfólk á skrifstofu skólans sér um að skipuleggja forföll og tilkynna nemendum og starfsmönnum þær ráðstafanir sem gerðar eru. Þegar á reynir er kennsla í 8. bekk sett í forgang fram yfir aðra árganga þar sem nemendur eru orðnir sjálfstæðari í vinnubrögðum. Skólaárið 2020-2021 er einn lausráðinn forfallakennari að störfum í skólanum auk þess sem fastir kennarar skólans taka hluta þeirra forfalla sem þörf er á að leysa.


Fréttir af starfi skólans

Skóladagatal, starfsáætlun og aðrar lýsingar á starfi skólans má alltaf nálgast á heimasíðu skólans (<http://gardaskoli.is/>). Rafrænt fréttabréf skólans (<http://gardaskoli.is/skolinn/utgafa/frettabref/>) er gefið út í upphafi hverrar annar og oftast ef tilefni er til. Auk þess eru fréttir af viðburðum líðandi stundar uppfærðar reglulega á heimasíðunni. Nemendur og foreldrar fá nánari skýringar á daglegu starfi með tölvupóstum sem sendir eru út í gegnum [Innu](#) frá kennurum, ritara og stjórnendum.

The screenshot shows the homepage of the Gardaskóli.is website. At the top, there is a navigation bar with links for 'Forsíða', 'Skólinn', 'Námið', 'Nemendur', 'Foreldrar', 'Stuðningur', 'Hagnýtt', and 'Minn Garðabær'. Below the navigation bar, there is a large banner with several photographs of students and staff. To the right of the banner, there is a section titled 'SKOÐA MYNDASAFN' (View Photo Gallery) with a grid of images. Below the banner, there is a section titled 'Fréttir' (News) with a list of articles. The first article is 'Skólamaturlist í áskrift' (School meal list in subscription) dated 20.08. The second article is 'Allir nemendur þurfa Ístyki eða rafræn skilríki' (All students need a passport or digital ID) dated 19.08. The third article is 'Skólasetning Garðaskóla verður mánuðaginn 24. ágúst.' (School opening of Garðaskóla will be Monday 24. August) dated 12.08. To the right of the news section, there is a section titled 'DAGATAL' (Calendar) for September 2020. It shows dates 06, 07, 08, and 09 October 2020 with corresponding events. Below the calendar, there is a section titled 'Hagnýtar upplýsingar' (Useful information) with links to 'Skóladagatal 2020-2021', 'Skólamaturlist', and '100. Gættu Tökuveru íslæðisinnar'.

Húsnæði skólans

Húsnæði skólans er í aðalbyggingu og viðbyggingu. Húsnæðið er á tveimur hæðum og eru tvær lyftur til staðar fyrir þá sem á þurfa að halda. Til viðbótar er kennt í tveimur lausum kennslustofum á lóð Garðaskóla. Í annarri stofunni fer fram almenn kennsla og í hinni stofunni fer fram starf á vegum skólafélagsráðgjafa og frístundaheimilis fyrir fötluð börn í 5.-10. bekk.



Íþróttir og sund eru kenndar í íþróttamiðstöðinni Ásgarði sem stendur á sömu lóð og skólinn.

Húsnæði skólans er samnýtt af félagsmiðstöðinni Garðalundi. Má segja að húsnæðið sé í notkun allan ársins hring því Vinnuskóli Garðabæjar hefur bækistöðvar í skólanum að sumri til. Einstaka sinnum er skólinn lánaður til frístundastarfs eða gistingar nemenda- eða félagahópa. Því er ljóst að þörf er á stýringu á aðgengi mismunandi hópa að húsnæði skólans. Öryggiskerfi er í húsinu og starfsmenn fylgjast vel með allri umgengni. Öryggismyndavélakerfi er á göngum skólans og skólalóð, sjá nánar í [kafla um öryggi nemenda](#).

Allt viðhald og breytingar á húsnæðinu eru unnar samkvæmt áætlun sem unnin er í góðu samstarfi stjórnenda skólans og félagsmiðstöðvarinnar við Eignasvið Garðabæjar. Húsnæði Garðaskóla er komið til ára sinna og starfsmenn hafa sett fram óskir um verulega endurnýjun á kennslustofum svo þær mæti betur kröfum nútímans. Meðal þeirra svæða sem þarfnast nauðsynlegs viðhalds og/eða endurnýjunar eru skrifstofuálma, list- og verkgreinastofur, gluggar í viðbyggingu og flestar kennslustofur á efri hæð aðalbyggingar.

Upplýsingaver Garðaskóla

Á 2. hæð Garðaskóla er Miðjan, stórt og vel útbúið vinnurými fyrir alla nemendur. Miðjan hýsir skólasafnið (Ásinn), stóra tölvustofu (Tvistinn) og vinnurými sem ætluð eru til kennslu í forritun, upplýsingatækni, tækni og hönnun (Pristurinn og Fjarkinn).



Í Miðjunni fer fram margvísleg starfsemi. Á skólasafninu eru fræðibækur, heimildarit og skáldverk sem nemendur og kennarar geta nýtt sér á safninu og fengið lánuð heim. Safnið er einnig áskrifandi að allnokkrum tímaritum. Á safninu er veitt kennsla í notkun safnsins og heimildavinnu. Auk þess geta nemendur sótt þangað margvíslegan stuðning og þjónustu t.d. aðstoð við nám í tungumálaveri Laugalækjarskóla og aðgangsorð að neti skólans.

Mikilvægt er að lánsbókum sé skilað til skólasafnsins og eru nemendur/forráðamenn rukkaðir fyrir vanskil bóka í lok skólaársins.

Í Tvisti, Pristi og Fjarka fer fram kennsla í upplýsingamennt, forritun og fleiri tæknitengdum greinum. Nemendur hafa aðgang að aðstöðunni undir handleiðslu kennara og kennsluráðgjafa.

Kennarar nýta Miðju í fjölbreytta vinnu með nemendum. Farið er með hópa til að vinna að upplýsingaleit, úrvinnslu og framsetningu verkefna og eru nettengdar tölvur nýttar til jafns við bækur og tímarit. Í Ásnum eru spjaldtölvur, MP3 spilarar og fleiri tæki lánuð út í kennslustundir og til ýmiss konar verkefnavinnu. Nemendur hafa frjálstan aðgang að nokkrum tölvum í Ásnum og geta nýtt þær í upplýsingaleit, til að skoða Innu, vinna verkefni o.s.frv.

Ásinn er opinn frá kl. 8:10-15:30 hvern skóladag nema á föstudögum, þá er lokað kl. 14.30. Áhersla er lögð á að verið sé ávallt aðgengilegt nemendum á skólatíma. Nemendur eiga að geta komið sér þar vel fyrir við lestur og nám. Það er ekki lokað nema mjög brýna nauðsyn beri til og þá í skamman tíma í einu.

Þórunn Grétarsdóttir er skólasafnskennari í Ásnum og Kristín Þórunn Guðmundsdóttir er kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni. Svanhildur Guðmundsdóttir er aðstoðarmaður í Ásnum.

Frímínútnavakt

Í frímínútum og hádegishléi eru skólaliðar, stuðningsfulltrúar, deildarstjórar og kennarar skólans til staðar á göngum skólans til að fylgjast með, leiðbeina nemendum og bregðast við ef vandamál koma upp.

Frístundaheimilið Garðahraun

Haustið 2019 hóf frístundaheimilið Garðahraun starfsemi í Garðaskóla.

Garðahraun er sértækt frístundarúrræði fyrir börn í 5.-10. bekk við grunnskóla í Garðabæ sem eiga lögheimili í Garðabæ. Meginhlutverk Garðahrauns er að bjóða upp á fjölbreytt og skapandi tómstundastarf eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur, til klukkan 17:00.

Markmið Garðahrauns er að veita börnum sem þar dvelja öruggt athvarf og bjóða þeim upp á skipulagðar tómstundir við hæfi hvers og eins. Lögð er áhersla á virðingu fyrir einstaklingnum, fagleg vinnubrögð, jákvæð samskipti og foreldrasamstarf. Boðið er upp á síðdegishressingu í Garðahrauni.

Nánari upplýsingar má finna á vef Garðaskóla: <http://gardaskoli.is/foreldrar/gardahraun/>.

Óskilamunir

Skólaliðar halda utan um þá hluti sem verða eftir í skólanum og geta foreldrar og nemendur snúið sér til þeirra eða skrifstofu skólans ef þeir glata fatnaði eða munum.

Allir nemendur hafa aðgang að læstum skáp til að geyma yfirhafnir, skó og námsgögn. Skólinn ber ekki ábyrgð á verðmætum sem skilin eru eftir á göngum skólans og því eru nemendur hvattir til að gæta ávallt vel að eignum sínum. Fatnaður sem ekki er sóttur er gefinn góðgerðarstofnunum í lok skólaárs.

Öryggi nemenda

Í Garðaskóla er lögð áhersla á að tryggja velferð, öryggi og persónuvernd allra þeirra sem koma í skólann. Samantekt um þær áætlanir sem skólinn fylgir í öryggismálum má nálgast á vef skólans: <http://gardaskoli.is/skolinn/skolanamskra-og-tengt-efni/oryggi-og-personuvernd/>

Þegar vá steðjar að vegna utanaðkomandi þátta s.s. elds, mengunar, veikindafaraldurs, óveðurs eða náttúruhamfara er unnið samkvæmt áætlun almannavarna. Áfallaráð skólans ber ábyrgð á skipulagi og framkvæmd mála auk forvarna eftir því sem við á. Ráðið fer árlega yfir Viðbragðs- og áfallaáætlun skólans og uppfærir eftir þörfum (sjá <http://gardaskoli.is/skolinn/eydublod-og-verkferlar/vidbragds-og-afallaaetlun/>).

Rýmingaráætlun er í gildi og hangir uppi í öllum rýmum skólans. Áætlunin er kynnt árlega og rýmingaráæfing er haldin á hverju ári. Í kjölfar æfingar er áætlunin endurmetin og breytingar gerðar ef þurfa þykir.

Í skólanum er brunavarnarkerfi, nemar sem skynja hita og reyk ásamt brunaboðum. Skólinn er með samning við Securitas um brunavarnarkerfið. Sem betur fer eru hringingar í brunakerfi í flestum tilvikum ekki merki um vá en nauðsynlegt er að allir hafi varann á þegar viðvörðunarkerki heyrir. Árlega er farið yfir [rýmingaráætlun](#) og hún uppfærð á vef skólans.

Skólinn er með samning við Öryggisþjónustuna um öryggiseftirlit í húsnæðinu. Þjófavörn er á húsinu þegar ekki er ætlast til að umferð sé um það.



Stafrænar öryggismyndavélar eru í skólanum. Um er að ræða öryggismyndavélar sem eru staðsettar á göngum skólans og skólalóð. Einnig eru öryggismyndavélar á göngunum í Ásgarði þar sem nemendur sækja sund og íþróttir. Þessi rafræna vöktun í skólabyggingunni og skólalóðinni er í þágu öryggis og í þeim tilgangi að varna því að eigur séu þar skemmdar eða þeim stolið.

Myndefni er einungis skoðað ef upp koma atvik er varða eignavörslu eða öryggi einstaklinga, s.s. þjófnaður, skemmdarverk, ofbeldi eða slys. Heimild til skoðunar er aðgangsstýrð. Myndefni er eingöngu skoðað af þeim sem til þess hafa heimild og rík trúnaðarskylda gildir um störf þeirra. Myndefni er vistað að hámarki í 90 daga og því er eytt að þeim tíma loknum.

Vöktunin er fer fram í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og merkingar með viðvörunum um rafræna vöktun eru uppsettar á nokkrum stöðum í skólanum.

Til kynningar og nánari fræðslu varðandi eftirlitið sem hér um ræðir skal bent á reglur Garðabæjar um rafræna vöktun öryggismyndavéla sem taka til þessarar vöktunar: <https://www.gardabaer.is/media/reglugerdir/Reglur-Gardabaejar-um-rafraena-voktun-oryggismyndavela-05.03.2019> (pdf).

Einnig er bent á að almennar upplýsingar um rafræna vöktun, ásamt leiðbeiningum er að finna í bæklingi á vef persónuverndar: <https://www.personuvernd.is/media/leidbeiningar-personuverndar/Eftirlit-eda-njosnir-rafraen-voktun> (pdf).

Í skólanum eru öryggismyndavélar með upptökukerfi. Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar nemendamála og forstöðumaður Garðalundar hafa aðgang að upptökum úr kerfinu og upplýsingar sem þar nást lúta lögum um persónuvernd.

Öryggisnefnd Garðaskóla er skipuð:

- Öryggisverðir: Zeljko Pjevic umsjónarmaður fasteignar og Jóhann Skagfjörð skólastjóri.
- Öryggistrúnaðarmenn: Erla Karlsdóttir grunnskólakennari og Svanhildur Guðmundsdóttir aðstoðarmaður í upplýsingaveri.

Óveður

Skólalald er í Garðaskóla á meðan stætt er. Það heyrir til undantekninga ef skólalald fellur niður vegna veðurs. Hins vegar er foreldrum í sjálfsvald sett hvort þeir sendi börn sín í skóla þegar aðstæður kunna að vera varhugaverðar. Ef ill veður skella á á skólatíma er nemendum haldið í skólanum þar til veðri slotar og engin vá er fyrir dyrum.



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hefur sett fram áætlun um tvískipt viðbúnaðarstig vegna óveðurs. Þessa áætlun er að finna á vef slökkviliðsins ásamt tengli á þýðingarvél (<http://shs.is/index.php/fraedsla/roskun-a-skolastarfi/>).

Matsala nemenda í Garðaskóla

Matartími nemenda í Garðaskóla er tvískiptur til að tryggja öllum nemendum góða aðstöðu til að matast og lágmarka raðir við afgreiðslu matsölunnar.

Garðabær hefur gert samning við Skólamat ehf. sem sér um framleiðslu og framreiðslu á heitum mat fyrir nemendur í hádeginu. Aðstoðarskólastjóri er tengiliður Garðaskóla við Skólamat.

Nemendur geta verið í áskrift alla daga vikunnar eða suma daga. Nemendur skammta sér sjálfir matinn á diskana og ganga frá áhöldum að lokinni máltíð. Við matsöluna hafa nemendur sem koma með nesti að heiman aðgang að örbylgjuofni, samlokugrilli og vatnshana. Nánari upplýsingar um matsölu Garðaskóla má finna á vef skólans (<http://gardaskoli.is/nemendur/matsala-nemenda/>) og vef Skólamatar (<http://www.skolamatur.is/>).

Í matsölu Garðaskóla er líka boðið upp á ávexti, drykki og fleira matarkyns á meðan nemendur eru í skólanum. Hægt er að greiða með peningum og debetkorti.


Starfsfólk matsölunnar starfar hjá Skólamat. Sameiginleg ábyrgð á rekstri er í höndum skólans og fyrirtækisins. Matsala nemenda er staðsett í miðrými skólans og hún er opin kl. 9:00-13:45 alla skóladaga.

Stjórnun skólans og starfsfólk

Í Garðaskóla hafa allir starfsmenn sérhæft sig í faglegri og uppbyggilegri vinnu með unglingum. Verkaskipting er skýr innan skólans og samstarf mikið og gott milli starfsmanna. Skólinn býr að öflugum stuðningsneti og góðu samstarfi við nærsamfélagið.

Skipurit Garðaskóla

Skipurit Garðaskóla 2020-2021



Skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð (skv. [lögum nr. 91/2008](#), 8. gr.) sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endaleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.

Skólaráð er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Í Garðaskóla situr aðstoðarskólastjóri einnig alla fundi skólaráðs og ritar fundargerðir. Skólastjóri skal boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári. Upplýsingar um fulltrúa, starfsáætlun og fundargerðir skólaráðs er að finna á vef skólans (<http://gardaskoli.is/skolinn/nefndir-og-rad/skolarad/fundargerdir-skolarads/>).

Starfsfólk

Við Garðaskóla starfa 72 starfsmenn. Auk þess eru Af þeim er einn í fæðingarorlofi, tveir í námsleyfi, tveir í launalausis leyfi. Við upphaf skólaársins var ljóst að einn starfsmaður yrði í veikindaleyfi til lengri tíma.

Við skólann starfa 42 kennarar, 20 við stuðningsnet og stjórnun og tíu almennir starfsmenn. Auk þess starfa í húsinu starfsmenn sem heyra undir aðrar stofnanir svo sem heilsugæslu, tölvudeild Garðabæjar og félagsmiðstöðina Garðalund. Allir kennarar hafa vinnuaðstöðu í kennslustofum og/eða vinnuherbergjum fagdeilda og fá til afnota fartölvu sem er eign skólans. Starfsfólk hefur sameiginlega kaffistofu í stjórnunarálmum skólans.

Lista yfir starfsfólk, starfsheiti og netföng er að finna á vef skólans: (<http://gardaskoli.is/skolinn/starfsfolk/>).



Starfsfólk Garðaskóla vorið 2019

Nefndir og ráð í skólanum

Fulltrúar starfsfólks, nemenda og foreldra í Garðaskóla starfa í nefndum og ráðum sem taka að sér að móta stefnu og framkvæma ólíka þætti í starfi skólans. Upplýsingar um hvaða nefndir eru starfandi og hvaða fulltrúar sitja í þeim má nálgast á vef skólans (<http://gardaskoli.is/skolinn/nefndir-og-rad/>).

Skólaárið og skóladagatal

Á hverju ári koma margir aðilar að gerð skóladagatala komandi skólaárs: starfsfólk skólans, skólayfirvöld bæjarins, nemendur og foreldrar. Skv. skólastefnu Garðabæjar er starfsár leik- og grunnskóla samræmt og vetrarfrí á að vera vikulengt fyrir nemendur að vori.

Samkvæmt skóladagatali eru skóladagar nemenda 180. Kennsludagar nemenda eru 170-171 og skólaárið 2020 - 2021 eru alls 9 - 10 dagar þar sem brugðið er frá fullri lengd skóladags. Þetta eru samráðsdagar heimila og skóla í október og janúar, jólaskeggtun í desember, fjórir prófdagar að vori, heilsueflingardagur í júní, skólaslitadagur í júní auk þess sem skólaþingardagur var skertur hjá nemendum í 9. og 10. bekk. Kennsla fellur niður í jólaeyfi nemenda sem er frá 19. desember til og með 4. janúar. Vetrarleyfi er dagana 22.-26. febrúar og páskaleyfi er frá 27. mars til og með 5. apríl. Einnig fellur kennsla niður vegna fjögurra skipulagsdaga kennara á skólaárinu: 16. september, 23. október, 24. nóvember og 25. maí. Kennarar vinna einn skipulagsdag sem staðsettur er í vetrarfríi nemenda, föstudaginn 26. febrúar. Þennan dag vinna kennarar Garðaskóla af sér með síðdegisvinnu tvo daga í

janúar. Skóladagatal Garðaskóla er alltaf aðgengilegt á heimasíðu skólans (<http://gardaskoli.is/skolinn/skoladagatal/>).

Sérstakir dagar

Ýmsar hefðir hafa skapast í skólanum til að auðga skólastarfið og styrkja skólamenninguna. Öðru hvoru yfir skólaárið er skóladagurinn með breyttu skipulagi. Uppbrotisdagar af þessu tagi eru nýttir til að beina athyglinni sérstaklega að grunnþáttum menntunar¹ sem að öðru leyti eru samofnir öllu skólastarfi.



Grunnþættirnir sköpun, sjálfbærni, heilbrigði og velferð eru mjög áberandi á Gagn og gaman dögum í nóvember þar sem nemendur velja sér þemaverkefni af ýmsu tagi. Fyrstu daga skólaársins vinna nemendur með umsjónarbekkjum sínum ýmis verkefni til að auka vitund um mikilvægi jákvæðra samskipta og efla markvissa vinnu allra að góðum skólabrag og gegn einelti. Félagsmálaval Garðalundar stendur að skemmtidagskrá í tilefni af afmæli skólans sem er 11. nóvember. Í desember er stefnt að starfameissu með aðkomu foreldra og rétt fyrir jólafrí verður haldinn læsisdagur þar sem nemendur vinna margvísleg verkefni tengd læsi í víðum skilningi.

Dagskrá uppbrotsdaga er ávallt auglýst tímanlega á heimasíðu skólans og með tölvupóstum til foreldra.

Skóladagur nemenda

Kennslustundir eru 55 mínútna langar. Fyrsta kennslustund hefst kl. 8.10 og í flestum tilfellum er skóladegi nemenda lokið kl. 14.15 eða 15.15. Á þriðjudögum funda kennarar að morgni og flestir hópar hefja þá nám kl. 9.25. Á hverjum degi er 20 mínútna yndislestrartími í umsjónarhópum og hefst hann kl. 10.25. Hádegishlé nemenda er 30 mínútur og er tvískipt. Fyrri matartími er kl. 11.50-12.20 og seinni matartími er kl. 12.50-13.20. Á morgnana eru 20 mínútna frímínútur kl. 9:05 og 10 mínútna hlé kl. 10.45. Auk þess er 5 mínútna hlé milli annarra kennslustunda.

Í 8. bekk eru nemendur að jafnaði í skólanum frá 8:10-14:15 en í 9. og 10. bekk eru nemendur með einstaklingstöflur og mjög misjafnt hvenær þeir byrja skóla á morgnana og ljúka honum seinni partinn. Eyður í stundatöflum nemenda eru nýttar í aukatíma, heimanám og félagslíf.

Skólahúsnæðið er opið frá kl. 7:30 á morgnana og starfsfólk mætir milli kl. 7:00 og 9:00. Stofur eru yfirleitt læstar og kennarar opna þær í upphafi hverrar kennslustundar. Kennslustofur eru sérútbúnar fyrir hverja faggrein og þess vegna ganga nemendur milli stofa í hléum. Nemendum er í sjálfsvald sett

¹ Skv. Aðalnámskrá grunnskóla 2011 eru grunnþættir menntunar sex: jafnrétti, sjálfbærni, sköpun, læsi, lýðræði og mannréttindi, heilbrigði og velferð. Sjá nánar á vef Mennta- og menningarmálaráðuneytis: <http://www.namtilframtidar.is/#/>

hvernig þeir verja hléum og eyðum. Þeir hafa aðstöðu til að hittast, borða nesti eða versla í matsölunni á 1. hæð skólans. Það er ekki leyfilegt að vera með mat og drykk á efri hæð og í viðbyggingu skólans.

Í öllum árgöngum eru tveir íþróttatímar í hverri viku, annar tíminn í 8. og 9. bekk er sundtími. Fjölmargir nemendur taka þar að auki heilsutengdar valgreinar. Nemendur ljúka 10. stigi í sundi fyrir lok grunnskólagöngu en skv. skólanámskrá er kennslu í greininni þjappað á tvö skólaár. Nemendur sækja íþróttir og sund í íþróttamiðstöðinni Ásgarði sem er staðsett á sömu lóð og Garðaskóli.



Nemendur í valgreininni Leiðtogafærni vinna með eldri borgurum í Jónshúsi.

Skólabragur

Gildi Garðaskóla eru frelsi, ábyrgð, vellíðan og árangur. Gildin liggja til grundvallar þeim jákvæða skólabrag sem einkennir skólann og daglegu verklagi. Áhersla er lögð á að allir sem í skólanum starfa stuðli að og viðhaldi góðum starfsanda þar sem öryggi, vellíðan og heilbrigði eru í fyrirrúmi. Í Garðaskóla er stutt við alla nemendur til að þeir nái miklum árangri í námi sínu. Starfið byggir á gagnkvæmri virðingu og sameiginlegri ábyrgð eins og viðeigandi er í lýðræðislegu samfélagi þar sem jafnræði ríkir milli allra aðila og mannréttindi eru virt. Sjá nánar um gildi Garðaskóla á vefnum: <http://gardaskoli.is/skolinn/skolanamskra-og-tengt-efni/gildi-gardaskola/>.

Samskipti og skólaandi

Samkvæmt [reglugerð nr. 1040/2011](#) skal hver grunnskóli setja sér skólareglur þar sem fram koma skýr viðbrögð við brotum á reglunum. Stuðlað sé að jákvæðri hegðun og miðað sé að því að rækta persónuþroska og hæfni nemenda.

Skólareglur varða allt skólasamfélagið, þ.e. starfsfólk skólans og stjórn hans, nemendur og foreldra. Skólareglur eru settar í samráði við skólaráð og leitast við að ná sem víðtækastri sátt um þær. Á hverju ári eru skólareglur kynntar nemendum og foreldrum þeirra og þær eru birtar á vef skólans (<http://gardaskoli.is/skolinn/samskipti-og-skolaandi/skolareglur-gardaskola/>). Umsjónarkennarar fjalla um reglurnar, þýðingu þeirra og hlutverk með nemendum eins oft og þurfa þykir. Í skólareglum

er kveðið á um almenna umgengni, samskipti, háttsemi, stundvísi, ástundun náms, hollustu og heilbrigðar lífsvenjur, ábyrgð og skyldur.

Skólareglur og viðmið um samskipti og umgengni í skólanum er að finna á vef skólans undir kaflanum Samskipti og skólaandi (<http://gardaskoli.is/skolinn/samskipti-og-skolaandi/>). Á þessum síðum er leiðarvísir um góða hegðun og jákvæð samskipti í Garðaskóla. Þar eru birtar þær reglur sem gilda um skólasókn og umgengni í skólanum. Einnig er fjallað um agaferla ásamt lýsingu á því hvernig unnið er að lausn samskiptamála. Grunnur agaferla og sáttmála um samskipti er byggður á hugmyndafræðinni „Uppbygging til ábyrgðar“ (Restitution) en starfsmenn Garðaskóla sækja reglulega námskeið í þeim fræðum bæði utan lands sem innan.



Fyrirlestur á jafnréttisþingi Garðaskóla 2019.

Nemendur

Nemendafjöldi í lok september 2020 var 541 nemandi, 253 drengir og 288 stúlkur. Nemendum er skipt í 24 umsjónarhópa og hefur hver umsjónarhópur einn umsjónarkennara.

	Drengir	Stúlkur	Samtals	Umsjónarkennari
8. bekkur	80	119	199	
8. EE	10	11	21	Elena Einisdóttir
8. EK	9	15	23	Erla Karlsdóttir
8. GHÁ	10	13	23	Gígja Hrönn Árnadóttir
8. GRG	7	16	23	Guðný Rut Gylfadóttir
8. HLG	10	13	23	Halldóra Lind Guðlaugsdóttir
8. KH	7	14	21	Katrín Halldórsdóttir
8. OP	9	13	22	Orri Þórðarson
8. RS	10	12	22	Ragnheiður Stephensen
8. RT	8	12	20	Ragnhildur Thorlacius
9. bekkur	90	76	166	
9. BJ	12	12	24	Margrét Bettý Jónsdóttir
9. DS	13	11	24	Magnús Dagur Sævarsson
9. GS	12	10	22	Gunnhildur Sigurhansdóttir
9. GPF	15	9	24	Guðný Þóra Friðriksdóttir
9. HS	11	14	25	Hulda Sigurjónsdóttir
9. RBP	13	11	24	Rúna Björk Þorsteinsdóttir
9. SÁ	14	9	23	Sigríður Anna Ásgeirsdóttir
10. bekkur	83	93	176	
10. ALH	8	15	23	Anna Lena Halldórsdóttir
10. ARO	11	13	24	Andri Rafn Ottesen
10. EHR	14	9	23	Erla Hrönn Randversdóttir
10. HK	7	14	21	Hulda Kristmannsdóttir
10. KFS	11	12	23	Kristjana Fjóra Sigursteinsdóttir
10. KS	10	10	20	Kristinn Sigurbergsson
10. SSH	9	12	21	Sigurður Stefán Haraldsson
10. PF	13	8	21	Þorfinnur Hannesson
Nemendafjöldi september 2020	253	288	541	

Nemendafélag

Samkvæmt 10. gr. [laga um grunnskóla](#) nr. 91/2008 skal starfa nemendafélag í grunnskólum sem á m.a. að vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum þeirra. Í Garðaskóla eru þrír hópar nemenda sem sinna þessu hlutverki: [nemendaráð](#), [félagsmálaval](#) og [nemendaráðgjafar](#). Nemendur í Garðaskóla eiga einnig fulltrúa í [skólaráði Garðaskóla](#) og [Ungmennaráði Garðabæjar](#) og eru þar talsmenn nemenda í skólanum. Auk þess starfa nemendur með læsisteymi skólans, heilsuefingarnefnd, umhverfisnefnd og fleiri hópum.

Nemendaráð

Nemendaráð gætir hagsmuna nemenda í Garðaskóla og kallar eftir samstarfi við starfsmenn skólans eða aðrar stofnanir eftir þörfum. Nemendaráð fundar reglulega með aðstoðarskólastjóra og haldin er fundargerðabók. Nánari upplýsingar um nemendaráðið má finna á vef skólans: <http://gardaskoli.is/nemendur/nemendarad/>.

Félagsmálavali

Í félagsmálavali sem er líka kallað Nemendafélagið sitja á hverju ári 15-30 nemendur og starfa þeir undir stjórn starfsmanna [Garðalundar](#). Hópurinn skipuleggur félagsstarf í skólanum og starfar að ýmsum málefnum nemenda í samstarfi við starfsfólk, t.d. deildarstjóra og námsráðgjafa. Nemendur fá starf sitt í nemendafélaginu metið sem valgrein í Garðaskóla.

Nemendaráðgjafar

Nemendaráðgjafar eru á hverju ári 8-15 nemendur sem starfa undir stjórn námsráðgjafa. Hlutverk nemendaráðgjafa er m.a. að kynna skólann fyrir yngri nemendum og taka á móti nýjum nemendum og aðstoða þá við aðlögun ef á þarf að halda. Nemendaráðgjafar sjá um eineltisfræðslu fyrir yngri nemendur í samstarfi við námsráðgjafa og fylgjast með samskiptum og einelti í nemendahópnum. Nemendaráðgjafar geta líka verið í því hlutverki að styðja tímabundið aðra nemendur sem þurfa á því að halda.

Ungmennaráð Garðabæjar

Nemendur Garðaskóla eiga fulltrúa í Ungmennaráði Garðabæjar þar sem einnig sitja nemendur úr Sjálandsskóla og Fjölbautaskóla Garðabæjar. Tómas Þór Jacobsen forstöðumaður Klakans í Sjálandsskóla hefur umsjón með ungmennaráðinu.

Foreldrar

Eitt megin einkenni unglingsáranna er þörf einstaklingsins til að skapa sér sérstöðu og fá að bera ábyrgð á sjálfum sér. Foreldrar unglinga finna oft fyrir því að barnið þeirra vill meira sjálfstæði og getur staðið undir því. Það er mikil jafnvægislist að halda áfram að styðja við unglinginn og leiðbeina honum á jákvæðan hátt um leið og foreldrar losa um tauminn og leyfa ungu manneskjunni að efla sjálfstæði sitt.


Eftir sem áður er nauðsynlegt að foreldrar fylgist vel með og eigi gott samstarf við skólann. Skólinn ber ábyrgð á að boðleiðir séu einfaldar og öruggar og að gott samstarf komist á milli skólans og heimila. Í [Aðalnámskrá grunnskóla 2011/2013](#) er bent á í kafla 7.7 að „virk hlutdeild og þátttaka foreldra í námi og starfi barna sinna er forsenda þess að foreldrar geti axlað þá ábyrgð sem þeir bera á farsælu uppeldi og menntun barna sinna“ – þetta á við upp í gegnum allan grunnskólann.

Miðlun upplýsinga til foreldra

Gott samstarf við foreldra og stöðug upplýsingagjöf er forsenda farsæls skólastarfs. Umsjónarkennarar gegna lykilhlutverki og eru fyrstu tengiliðir skóla við heimilið. Allir kennarar og aðrir starfsmenn skólans nýta námskerfið Innu (<https://nam.inna.is/auth/login>) til að miðla upplýsingum. Á heimasíðu skólans (<http://gardaskoli.is/>) má nálgast upplýsingar um skólann og fylgjast með daglegu starfi. Í auknum mæli nýtir skólinn einnig samfélagsmiðla til að deila fréttum af daglegu starfi, sjá t.d. Facebook síðu skólans á <https://www.facebook.com/Gar%C3%B0ask%C3%B3li-635137559954040/>.

Inna

Í Garðaskóli er skólaskráningarkerfið Inna notað. Skólinn ber ábyrgð á notkun þess í samskiptum við nemendur og aðstandendur. Notkun á Innu er í samræmi við reglugerð 657/2011 um breytingu á reglugerð um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín, nr. 897/2009.



Allir kennarar hafa aðgang að Innu og er skylt að setja þar inn ýmsar upplýsingar. Nemendur og foreldrar hafa síðan aðgang að þessum upplýsingum með aðgangsorðum sínum. Kerfið er notað til að halda utan um upplýsingar sem varða nám og ástundun nemandans á meðan hann er í Garðaskóla og tryggja örugg samskipti milli skóla og heimilis.

Í kerfið eru eftirafarandi atriði skráð:

- Persónuupplýsingar nemenda og forráðamanna, þ.e. nöfn, kennitölur, heimilisföng, símanúmer og netföng. Auk þess eru skráðar upplýsingar um móðurmál nemenda, kyn, systkini í skólanum og tímasetningu á upphafi og lokum skólagöngu í Garðaskóla.
- Persónuupplýsingar starfsmanna, þ.e. nöfn, kennitölur, heimilisföng, símanúmer og netföng. Auk þess er skráð starfsheiti og önnur atriði sem fram þurfa að koma í vinnuskýrslu, nafn og símanúmer nánasta aðstandana og að lokum starfsnúmer, menntunarstig og fleira sem gefa þarf upp í skýrslum til Hagstofu Íslands.
- Yfirlit um námsferil hvers nemandans. Í yfirlitinu koma m.a. fram upplýsingar um viðveru, vinnubrögð og hegðun í skólanum og árangur í námi. Upplýsingar eru bæði skráðar sem athugasemdir og sem staðlaðir punktar sem kennarar geta merkt við í kennslustundum.

Forráðamönnum er skylt að tryggja að réttar upplýsingar séu skráðar í Innu til að tryggja að skóli geti haft samband við nemanda og forráðamenn þegar þörf er á.

Upplýsingar úr skólaskráningarkerfinu eru nýttar til að skólinn geti haft samband við nemendur, forráðamenn og starfsmenn eins og þörf er á starfsins vegna og þegar brýna nauðsyn ber til. Við lok grunnskólagöngu eru upplýsingar um námsárangur sendar áfram í það skólaskráningarkerfi sem framhaldsskólarnir nýta til að halda utan um upplýsingar um nemendur.

Vinnuskýrslur starfsmanna eru skráðar í kerfið. Einnig eru upplýsingar úr Innu nýttar í skýrslur um starf skólans svo sem ársskýrslum sem birtar eru á heimasíðu skólans og skýrslum sem sendar eru til Hagstofu Íslands og annarra stofnana. Persónugreinanlegum upplýsingum er aldrei dreift áfram úr skólaskráningarkerfinu án vitundar og samþykkis viðkomandi einstaklinga.

Kennsluráðgjafi er ráðgjafi starfsmanna, nemenda og forráðamanna um notkun Innu. Stjórnendur fara árlega yfir vinnureglur um notkun kerfisins með starfsmönnum og fara þá meðal annars yfir málefni sem varða persónuvernd. Kennarar og allir aðrir starfsmenn skólans eru bundnir þagnareiði um það sem fram fer í skólanum og snertir einkamál nemenda og foreldra þeirra. Starfsmönnum ber að gæta þess að fara varfærnislega með trúnaðargögn s.s. skýrslur um nemendur, skráðar athugasemdir um nemendur í Innu, prófúrlausnir og einkunnir þannig að þær upplýsingar lendi ekki í röngum höndum. Skráning upplýsinga og varðveisla þeirra er samkvæmt íslenskum lögum og leiðbeiningum frá skjalastjóra Garðabæjar.

Vefur Garðaskóla – Gardaskoli.is

Skólinn heldur úti upplýsingavef um daglegt starf og stefnumótun skólans. Skólastjóri er ábyrgðarmaður vefsins en kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni ritstýrir honum og hefur umsjón með daglegum rekstri. Aðrir starfsmenn koma að gerð síðunnar með því að setja inn fréttir og fylgjast með því að nauðsynlegar upplýsingar séu þar til staðar. Meðal efnis á vefnum eru fréttir af skólastarfinu, upplýsingar um skólareglur og skólabrag (Samskipti og skólaandi), ársskýrsla og annað útgefið efni, tenglar á vefsvæði námsgreina og matsölu nemenda, glósur í ýmsum námsgreinum, kennsluáætlanir og myndir úr starfi skólans.

Samráðsfundur með nemendum og forráðamönnum

Umsjónarkennarar boða til samráðsfunda með nemendum og forráðamönnum tvisvar á ári, í október og janúar. Á fundunum er lögð áhersla á samræðu og sameiginlegar ákvarðanir. Nemendur eru beðnir um að vinna sjálfsmat og markmiðssetningu sem rædd er á fundinum. Umsjónarkennarar gefa tímanlega upplýsingar um hvernig nemendur og forráðamenn undirbúa sig fyrir viðtölin. Skráning í viðtölin fer fram í Innu. Hvert viðtal tekur um 15 mínútur.

Foreldrar og nemendur geta leitað til umsjónarkennara, annarra kennara, námsráðgjafa og stjórnenda við hvaða tækifæri sem er. Upplýsingar um nöfn, netföng og starfsheiti allra starfsmanna eru á vef Garðaskóla (<http://gardaskoli.is/skolinn/starfsfolk/>). Skrifstofa skólans (sími 590 2500 og netfang gardaskoli@gardaskoli.is) gefur nánari upplýsingar um hvernig best er að ná tali af starfsmönnum.



Bekkjarkvöld 8. bekkinga með foreldrum

Foreldrafélag

Markmið foreldrafélagsins er að efla samstarf heimila og skólans þannig að það leiði af sér öflugra skólastarf með menntun, heill og hamingju nemenda að leiðarljósi. Einnig á það að vera samstarfsvettvangur foreldra sem uppalenda.

Stjórnina skipa a.m.k. fimm fulltrúar foreldra sem valdir eru úr röðum bekkjarfulltrúa eða sjálfboðaliða og skiptir stjórnin með sér verkum. Félagið skipuleggur eftirtalda viðburði:

- Aðalfundur félagsins er haldinn að vori eða snemma hausts með hefðbundinni aðalfundardagskrá.
- Snemma að hausti fundar stjórn foreldrafélagsins með nýjum bekkjarfulltrúum.
- Aðrir viðburðir fyrir foreldra, t.d. í samstarfi við Grunnstoð Garðabæjar.
- Viðburðir fyrir nemendur í samstarfi við skólann, t.d. á heilsudögum að vori.

Foreldrafélagið heldur utan um sjóð sem foreldrum er valfrjálst að greiða í á hverju ári. Fjármunirnir eru notaðir í verkefni sem bæta skólann fyrir nemendur. Til dæmis hefur foreldrafélagið keypt fjölda sófa á ganga skólans og boðið upp á skemmtidagskrá á vordögum.

Starfsáætlun og fundargerðir foreldrafélagsins er að finna á vef Garðaskóla (<http://gardaskoli.is/foreldrar/foreldrafelag-gardaskola/>) .

Tilhögun kennslu

Áherslur skólans

Í Garðaskóla eru einstaklingar gerðir ábyrgir fyrir gjörðum sínum í leik og starfi og ætlast til að þeir vinni í sínum málum á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Starfsfólk styður við unglingana í skólanum svo þeir megi vaxa og þroskast sem sjálfstæðir einstaklingar. Starfsfólk nýtir sér hugmyndafræði og aðferðir [Upbyggingarstefnunnar](#) til að koma þessum markmiðum í verk.

Skólinn statar af öflugri fagkennslu bæði í bóklegum og verklegum greinum. Fagstjórar halda utan um starfið í hverri námsgrein og stýra hópum fagkennara. Fagkennslan byggist á mikilli samvinnu hjá viðkomandi fagkennurum. Hefðbundið skólastarf er reglulega brotið upp t.d. með „Gagn og gaman“ þemadögum að hausti, vorferðum og ýmsum upptákum í skólanum svo sem leiksýningum og fræðsluerindum.

Garðaskóli skapar sérhverjum nemanda námsumhverfi við hæfi. Leitast er við að koma til móts við óskir og þarfir nemenda eins og mögulegt er með hópakerfinu og fjölbreyttu vali. Í skólanum er lögð áhersla á að gera nemendum kleift að stunda nám á framhaldsskólastigi og flýta þar með för þeirra nemenda sem það kjósa á efri stigum skólakerfisins. Þetta tilboð er unnið í nánú samráði við Fjölbrotaskólann í Garðabæ.

Nemendur í 8. bekk eru í bekkjakerfi sem styður við þá félagslega á meðan þeir eru að laga sig að vinnubrögðum og skólabrag. Áhersla er lögð á að nemendur fái gott svigrúm sitt fyrsta ár í skólanum til að aðlagast vinnubrögðum og samskiptareglum skólans. Bekkirnir eru blandaðir, reynt er að hafa svipaðan nemendafjölda og kynjablöndun í öllum umsjónarbekkjum. Stuðningur við nám og hegðun fer að mestu leyti fram inni í bekkjardeildum. Um miðja haustönn er nemendum endurraðað í getuskipta hópa í stærðfræði til að koma betur til móts við námslegar þarfir einstaklinga.

Í 9. og 10. bekk í Garðaskóla er nemendum skipt í námshópa innan hvernar greinar fyrir sig eftir óskum og námsgetu hvers og eins. Hópakerfið er byggt upp á svipaðan hátt og áfangakerfi fjölbrotaskóla og hver nemandi fær eigin stundaskrá. Í dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði er skipt upp í mismunandi

námshraða. Farið er í sömu námsþætti en námsgögn geta verið mismunandi eftir ferðum og í hraðferðum er farið yfir talsvert meira námsefni en í hægferðum. Teymi fagkennara raðar nemendum í ferðir í hverri grein. Miðað er við einkunnir á haustannarprófi og niðurstöður símats og röðunin er síðan endurskoðuð að vori. Foreldrar og nemandi geta einnig óskað eftir endurmati á miðjum vetri ef tilefni er til. Innan hversrar greinar eru sett ákveðin viðmið fyrir röðuninni. Í grófum dráttum má lýsa ferðunum á eftirfarandi hátt:

- **Hraðferðir** miðast við nemendur sem hafa náð mjög góðum tókum á þeirri hæfni sem stefnt er að í árganginum. Hóparnir eru fjölmennir og gerð krafa um sjálfstæð vinnubrögð.
- **Miðferðir** miðast við nemendur sem hafa náð nokkuð góðum tókum á þeirri hæfni sem unnið er að í árganginum. Hóparnir eru skipaðir 15-23 nemendum.
- **Hægferðir** miðast við nemendur sem hafa ekki náð góðum tókum á þeirri hæfni sem stefnt er að í árgangi viðkomandi. Farið er hæggar yfir og nemendur fá einstaklingsmiðaðri stuðning við nám sitt. Hóparnir eru fámennir og oft kenndir af teymi fag- og sérkennara og þroskaþjálfra.

Í ensku, íslensku og stærðfræði eru hraðferðarhópar leið fyrir nemendur sem vilja stytta námstíma til stúdentsprófs og ljúka grunnskólaprófum ári fyrir en ella. Þessum hraðferðum má lýsa nánar á eftirfarandi hátt:

- **Flugferðir í 9. bekk** miðast við duglega og afkastamikla nemendur sem geta farið hraðar yfir námsefni og sótt svo nám í svonefndum fjölbrautaáföngum í 10. bekk. Í flugferðum er farið yfir námsefni 9. og 10. bekkjar í 9. bekk.
- **Fjölbrautaáfangar í 10. bekk** samsvara fyrstu áföngum í framhaldsskóla. Nemendur sem hafa lokið flugferðum í 9. bekk geta tekið fjölbrautaáfanga í ensku, íslensku og stærðfræði. Nemendur sem ljúka þessum áföngum með tiltekinni lágmarkseinkunn geta fengið nám sitt metið til eininga við Fjölbrautaskólann í Garðabæ (FG) og jafnvel fleiri skóla. Nemendum í fjölbrautaáföngunum stendur til boða að taka lokapróf í áföngunum í FG og fá þá vottun framhaldsskóla fyrir að hafa lokið áfanganum. Vilji nemendur taka framhaldsskóla-fanga í fleiri greinum er sá möguleiki einnig fyrir hendi að stunda fjarnám við framhaldsskóla.

Á undanförunum árum hefur uppsetning ferða og hópa tekið ýmsum breytingum í takt við fjölda nemenda, námslegar og félagslegar þarfir þeirra. Á síðasta skólaári var tekið skref í átt að breytingum sem enn eiga sér stað. Þessar breytingar miða að því að fækka hægferðum í 10. bekk. Í vetur er eingöngu hægferð í stærðfræði hjá elstu nemendunum. Í íslensku, ensku og dönsku í 10. bekk er í meira mæli en áður stefnt að því að einstaklingsmiða nám nemenda inni í hópum þar sem námsleg geta er á breiðara bili.

Grunnpættir menntunar

Grunnpættir menntunar fléttast inn í allt skólastarf eins og kveðið er á um í Aðalnámskrá (<https://namtilframtidar.is/#/>). Í Garðaskóla er lögð áhersla á að beina sérstakri athygli að þeim á uppbrotsdögum auk þess sem viðfangsefni tengd þeim tvinnast inn í daglegt starf allra fagdeilda. Við skólabyrjun haustið 2019 var lögð sérstök áhersla á að gerð væri skýr grein fyrir grunnpáttum menntunar í öllum námsáætlunum skólaársins.

Heilbrigði og velferð

Garðaskóli er heilsueflandi skóli. Dagleg hreyfing nemenda er tryggð með því að dreifa íþróttatímum yfir vikuna og hafa fjölbreytt úrval heilsutengdra valgreina í boði í 9. og 10. bekk. Nemendur standa upp milli kennslustunda og ganga um húsnæði skólans. Í vaxandi mæli nýta kennarar í öllum greinum nærumhverfið sem kennsluumhverfi og á haustin og vorin er algengt að fagdeildir fari með hóp á vettvangsferðir, gangandi og í strætó. Skólamatur tryggir nemendum aðgang að heitum heimilismat í hádeginu og úrval hollra smámáltíða. [Heilsueflingarnefnd skólans](#) skipuleggur sérstök áhersluverkefni heilsueflingarinnar á hverju skólaári og hefur veg og vanda að heilsudögum og skólahlaupi að vori. Heilsueflingarnefnd skilar skólastjóra aðgerðaráætlun fyrir hvert skólaár.

Í Garðaskóla eru virkar forvarnar- og viðbragðsáætlanir á sviði heilbrigðis og velferðar:

- Velferð barna og ungmenna í Garðabæ – verklag í barnavernd birt á vef skólans (síðast uppfært september 2019): <http://gardaskoli.is/studningur/verklag-um-velferd-barna/>
- Eineltisáætlun Garðabæjar – verklag birt á vef skólans: <http://gardaskoli.is/studningur/eineltisaaetlun/>
- Viðbragðs- og áfallaáætlun – verklag birt á vef skólans: <http://gardaskoli.is/skolinn/eydublod-og-verkferlar/vidbragds-og-afallaaetlun/>
- Forvarnaráætlun – hluti af skólanámskrá

Forvarnaráætlunin er unnin í nánú samstarfi skólans og félagsmiðstöðvarinnar Garðalundar. Áætlunin tekur á nokkrum aðal verksviðum:

1. Forsendur forvarnarverkefna byggðar upp með áherslu á að efla sjálfsábyrgð og félagsþroska allra nemenda.
2. Forvarnir á sviði velferðar, kynheilbrigðis og jafnréttis
3. Forvarnir gegn notkun áfengis, tóbaks og annarra fíkniefna
4. Forvarnir á sviði netnóttunar

Forvarnarverkefnunum er dreift á öll skólaár, bæði haust og vor skv. eftirfarandi skipulagi sem er uppfært á hverju hausti:

	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Sjálfsábyrgð og félagsþroski			
• Samskipti og skólaandi	Skólabyrjun, umsjón allt skólaárið.	Skólabyrjun, umsjón allt skólaárið.	Skólabyrjun, umsjón allt skólaárið.
• Uppbyggingarstefnan, starfsm.námsk.	Námskeið fyrir starfsfólk fyrirhugað á skólaárinu. Átti að vera í ágúst en féll niður vegna COVID-19.		
• Félagsfærni	Skilgreint út frá þörfum nemenda á hverju ári. Einkatímar og litlir hópar hjá þroskajálfum og skólafélagsráðgjafa. Hópastarf í samvinnu við félagsmiðstöðina Garðalund.		
• Ábyrg hegðun. Til dæmis umferðarfræðsla (hjálfmanotkun); Elskaðu lífið, gestafyrirlestur Þórgríms Þráinssonar; Skyndihjálp.	Haut og vor, umsjón, umræða um hjálmanotkun.	Haut og vor, umsjón, umræða um hjálmanotkun.	Haut og vor, umsjón, „Elskaðu lífið“, skyndihjálp

Forvarnarvika Garðabæjar	Október, hvert haust. Áhersla sett fyrir hvert ár, unnið með nemendum, starfsfólki og forráðamönnum. Stýrt og styrkt af Mannréttinda- og forvarnarnefnd.		
Kynning á eineltisáætlun	Í ágúst ár hvert fyrir alla starfsmenn. Í september ár hvert í öllum umsjónarþekkjum.		
Jafningjafræðsla gegn einelti	Haust, umsjón, nemendaráðgjafar ræða við nemendur.	Nemendaráðgjafar vinna að „Krakkar með krökkum“	Nemendaráðgjafar vinna að „Krakkar með krökkum“
Dagur gegn einelti	Dagur gegn einelti er 8. nóvember ár hvert. Verkefni um samskipti og/eða einelti unnin í öllum árgöngum í tengslum við daginn.		
Heilbrigður lífsstíll			
Heilsueflingardagar	Júní, umsjón og allur skólinn saman. Á dagskrá eru t.d. skólahlaup, fjölbreyttir leikir, hollustufæði og knattspyrnumót nemenda og starfsmanna.		
Svefn	Umsjón	Umsjón	Umsjón
Hollt mataræði	Heimilisfræði.	Valhópar í heimilisfræði.	Valhópar í heimilisfræði.
Hreyfing	Íþróttir og sund.	Íþróttir og sund. Valhópar í íþróttum.	Íþróttir og sund. Valhópar í íþróttum og slökun.
Núvitund	Umsjón og valáfanginn Slökun: ýmsar æfingar í öndun, slökun og núvitund.	Umsjón og valáfanginn Slökun: ýmsar æfingar í öndun, slökun og núvitund.	Umsjón og valáfanginn Slökun: ýmsar æfingar í öndun, slökun og núvitund.
Velferð, kynheilbrigði og jafnrétti			
Heildstætt yfirlit um námsefni á sviði jafnréttis, kynheilbrigðis og velferðar má finna á vef Menntaklifsins: http://www.menntaklif.is/velferd-barna-i-gardabae/fraedsluyfirlit/			
Kynfræðsla	Haust, náttúrufræði	Haust, náttúrufræði	Vor, umsjón: HIV Ísland um kynsjúkdóma og HIV
Heilsu- og kynfræðsla, frá hjúkrunarfræðingi	Vor, náttúrufræði Líkamsmynd	Jan-feb, náttúrufræði Persónuleg mörk, getnaðarvarnir, kynsjúkd. o.fl.	Haust, samfélagsfr. Ást og kynlíf, kynhneigð, ofbeldi Vor, samfélagsfræði, ábyrgð á eigin heilsu
Blátt áfram forvarnarerindi gegn kynferðislegu ofbeldi.	Janúar, umsjón		
Kynjafræði og kynfræðsla. Gestafyrirlesarar (t.d. Tölum saman, Sigga Dögg eða Fokkme-fokkjú)	Október: Fávitar og Karlmenntan og Ofbeldisvarnarskólinn	Október: Ofbeldisvarnarskólinn.	Október: Ofbeldisvarnarskólinn.
Fáðu já, forvarnir gegn kynferðislegri misnotkun		Vor, náttúrufræði (kynjaskipti á móti „netöryggi“)	
Mannréttindi og jafnrétti kynjanna	Nóvember: Kynhneigð og kynvitund þema í umsjón. Samtökin 78.	Nóvember: Kynhneigð og kynvitund þema í umsjón. Samtökin 78.	Nóvember: Kynhneigð og kynvitund þema í umsjón. Samtökin 78.
Kynheilbrigði og velferð: vinnubrögð í kynjafræði og ofbeldisforvörnum	Árlega námskeið/upprifjun fyrir starfsmenn undir hatti „Velferð barna og ungmenna í Garðabæ“		
Áfengi, tóbak og önnur fíkniefni			
Munntóbak, Jón Jónsson	Vor, umsjón		
Fræðsla til foreldra	Forvarnarvika: Erindi um niðurstöður „Ungt fólk 2019“. Haustönn: Fréttabréf um forvarnarstarf. Fræðslukvöld foreldrafélagsins.		
Netnotkun – stafræn borgaravitund			
Ýmis verkefni s.s. verkefni úr gagnabanka SAFT; umræðuhópar um netnotkun; innlagnir fagkennara og umræður í tengslum við verkefni sem unnin eru á netinu; gestafyrirlesarar	Haust og vor, upplýsinga- og tækniþemnt SAFT fyrirlestur að vori	Vor, náttúrufræði (á móti „fáðu já“)	Vor, umsjón

Læsi

Unnið er með læsi nemenda í öllum fagdeildum. Auk þess fer yndislestur fram í umsjónarhópum í 20 mínútur á dag, alltaf á sama tíma dagsins. Guðný Þóra Friðriksdóttir deildarstjóri námsvers heldur utan um skimanir og greiningar á læsi nemenda. Guðný Þóra og Hulda Kristmannsdóttir íslenskukennari

stýra fjölmennu læsisteymi skólans sem leggur línur í læsisstefnu skólans og fylgir aðgerðaráætlun eftir í framkvæmd.

Skimanir og greiningar innan skólans eru unnar í samræmi við leiðbeiningar og ráðgjöf frá læsisteymi Menntamálastofnunar (sjá á vef MMS: <https://mms.is/laesisverkefni>). Kannanir á lesfimi, lesskilningi og orðaforða eru lagðar fyrir samkvæmt skipulagi sem lýst er í læsisstefnunni. Stór hluti nemenda í 9. bekk er skimaður með Lógos greiningartækinu og í kjölfarið er þeim sem lenda undir viðmiðunarmörkum boðin nánari greining. Nánar má lesa um Lógos lestrarprófið á vefnum: <http://www.logos-test.is/index.htm>.

Nemendum sem lenda undir viðmiðunarmörkum í lestri verða boðin sértæk úrræði. Úrræðin skiptast í þrjá hluta:

- Verkefnapakki sendur heim til að auka lestur nemenda og virkja forráðamenn til eftirfylgni.
- Lestrarþjálfun fer inn í yndislestrarhópa í nokkrum vinnulotum yfir skólaárið.
- Þeim einstaklingum sem verst standa verður boðin einstaklingsþjálfun í lestri hjá sérkennurum skólans.



Nemendur í 10. bekk vinna verkefni í fjármálalæsi.

Lýðræði og mennréttindi

Í Garðaskóla er lögð áhersla á að nemendur læri að beita gagnrýninni og skapandi hugsun sem er grunnur að því að þeir geti verið virkir þátttakendur í lýðræðislegum verkferlum. Kennslan fer t.d. fram í samræðuþjálfun íslenskudeildarinnar í 8. og 9. bekk og með vinnu fagdeilda að lykilhæfninni skapandi

og gagnrýnin hugsun. Fræðsla um lýðræði fer aðallega fram í samfélagsfræði, t.d. með umræðum nemenda í tímum og heimsóknum allra nemenda í 10. bekk á skólaping Alþingis þar sem þeir kynnst störfum þingsins af eigin raun.

Nemendur hafa skýrar leiðir til að koma skoðunum sínum á framfæri innan skólans: bein samskipti við starfsfólk; starfsemi nemendaráðs, félagsmálavals og fleiri hópa; hugmyndakassi nemendaráðsins; kannanir skólapúlsins. Starfsfólk og stjórnendur leggja sig fram um að vinna með nemendum og tryggja að samfélagið sé samheldið og vinni saman að úrbótum þegar þarf. Stjórnendur leggja sig fram um að halda góðum tengslum við nemendur, starfsfólk og foreldra og funda t.d. reglulega með stjórn foreldrafélagsins. Skólaráð er virkt og hefur fylgst vel með þróunarstarfi innan skólans og sett sitt mark á það.

Jafnrétti

Á síðustu árum höfum við í Garðaskóla lagt áherslu á að vinna með staðalmyndir og birtingarmyndir kynjanna og verður þeirri vinnu haldið áfram í vetur. Hinsegin samfélagið í Garðaskóla fer einnig stækkandi og hefur sá hópur verið duglegur að benda skólastjórnendum á það sem betur má fara í skólastarfinu. Vinnuhópur úr þeirra röðum ásamt skólastjóra vinna nú að öflugri fræðslu fyrir nemendur um kynvitund og kynhneigð.

Samkvæmt jafnréttisáætlun skólans er lögð áhersla á að starfsmenn af öllum kynjum sitji í nefndum á vegum skólans og feður verða hvattir sérstaklega til að mæta á samráðsfundi með umsjónarkennurum þar sem þeir hafa verið í minnihluta þeirra foreldra sem mæta á fundina.

Sjálfbærni

Í náttúrufræði, samfélagsfræði, íslensku og erlendum málum fer fram umfjöllun um sjálfbærni og umhverfismál af og til allt skólaárið. Greinar og fræðsluefni um sjálfbærni og umhverfismál eru tekin til umfjöllunar og unnið úr þeim á margvíslegan hátt, allt eftir eðli hverrar faggreinar.



Samþætting upplýsingatækni og textílmennatar í 8. bekk

Sköpun

List- og verkgreinadeildir Garðaskóla halda merkjum þessara grunnpátta hæst á lofti auk þess sem þeir eru afar áberandi á þemadögunum Gagn og gaman. Í öllum bóklegum greinum fer fram skapandi hugsun og verkefnavinna þar sem nemendur þurfa að skapa nýjar birtingarmyndir hugmynda og miðla til annarra.

Nemendur í 10. bekk vinna þemabundin vorverkefni fyrir útskrift og halda sýningu á afrakstrinum rétt fyrir útskrift. Vinnuferlið sem nemendur ganga í gegnum er í anda nýsköpunar og frumkvöðlafræði. Þeir fá kynningar á nýsköpunarhugsun og læra að beita gagnrýnni hugsun og verkfærum í lausnaleit við úrvinnslu hugmynda sinna. Afraksturinn er fjölbreyttur og ber sköpun nemenda gott vitni.

Áherslur skólaársins 2020-2021

Áherslur hvers skólaárs eru settar út frá þörfum sem birtast í innra mati og frumkvæði starfsmanna til að breyta og bæta skólastarfið. Lýsingar á áherslum hvers árs eru ræddar og samþykktar á fundum stjórnenda og starfsmanna allra. Lagt er upp með að áherslurnar fjalli um þrjá megin þætti: 1) nám nemenda og skólaumhverfi; 2) starsumhverfi kennara og annarra starfsmanna; og 3) samstarfs við nærumhverfið. Stjórnendateymi skólans leggur áherslu á að setja starfi hvers skólaárs skýrar áherslur sem greindar eru niður í framkvæmanlegar aðgerðaráætlanir.

Skólaárið 2020-2021 taka áherslur skólaársins talsvert mið af COVID-19 f niðurstöðum ytra mats sem Garðaskóli fékk í nóvember 2018. Starfsfólk skólans mun vinna að þeim umbótum sem matsmenn Menntamálastofnunar lögðu til enda eru þær tillögur í ágætu samræmi við þá stefnu sem skólinn hefur haft undanfarin ár. Áherslur Garðaskóla 2019-2020 miða fyrst og fremst að því að efla eftirfarandi þætti:

- Leiðbeinandi kennsluhætti.
- Jákvæðan skólabrag.
- Öflugt samstarf við foreldra og nærsamfélag.

Á skólaárinu mun skólastjóri vinna að nýrri uppsetningu á umbótaáætlun skólans. Undanfarin ár hefur umbótaáætlunin legið á nokkrum stöðum. Áherslur og helstu markmið hafa verið birt í Starfsáætlun, niðurstöður innra mats í sérstökum skýrslum sem birtar hafa verið á vef skólans, og samantekt á innra mati hefur verið birt í Ársskýrslu. Matsmenn Menntamálastofnunar bentu á að með þessari dreifingu gagna væri erfiðara að átta sig á samhengi markmiða, mats og framþróunar skólastarfsins. Þar til ný uppsetninga á umbótaáætlun skólans er komin er vísað til umbótaáætlunar sem skólinn skilaði Menntamálastofnun vegna ytra mats: <http://gardaskoli.is/library/Files/Mat-a-skolastarfi/Umb%C3%B3ta%C3%A1%C3%A6tlun%20Gar%C3%B0ask%C3%B3la%202019-2020.pdf>.



Nemendur Garðaskóla hafa náð frábærum árangri í First Lego League.

Viðmiðunarstundaskrá

Aðalnámsskrá grunnskóla gefur upp viðmiðunarstundaskrá sem grunnskólum ber að starfa samkvæmt. Í 8.-10. bekk er skylt að kenna nemendum 4440 mínútur á viku og hefur hver skóli svigrúm til að dreifa þessum tíma á skólaárin þrjú eins og hentar starfinu á hverjum stað. Í Garðaskóla eru kennslustundir 55 mínútna langar. Yndislestur er þó 20 mínútur á hverjum skóladegi.

Hér að neðan er útfærsla Garðaskóla á viðmiðunarstundaskrá vegna skólaársins 2019-2020:

VIÐMIÐUNARSTUNDASKRÁ GARÐASKÓLA 2020 - 2021

Almennar kennslustundir	55 mínútur	fjöldi kennslustunda misjafn eftir n	
Yndislestur	20 mínútur	5 sinnum í viku	
Umsjónartímar	55 mínútur	1 sinni í viku	

		8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	Samtals mínútur á viku í Garðaskóla 2020 - 2021	Aðalnámsskrá 2011
Íslenska		192,5*	220	220		630
Erlend tungumál	<i>Enska</i>	110	165	165	440	420
	<i>Danska</i>	110	110	165	385	420
List og verkgreinar	<i>Myndmennt</i>	55	**	**	247,5	340
	<i>Textílmennt</i>	55	**	**		
	<i>Smíði</i>	55	**	**		
	<i>Heimilisfræði</i>	55	**	**		
	<i>Tónlist</i>	27,5	**	**		
Náttúrufræði		110	110	110	330	360
Íþróttir	<i>Sund</i>	55	55	110	330	360
	<i>Íþróttir</i>	55	55			
Samfélagsfræði		110	110	110		360
	<i>Lífsleikni</i>			55		
Stærðfræði		220	220	220	660	600
Val			310	220	530	870
Yndislestur		100	100	100	300	
Upplýsingatækni		82,5*				80
Umsjón		55	55	55	165	
Samtals:		1420	1510	1530	4460	4440

55 X 2 = 110 mínútur
55 X 3 = 165 mínútur
55 X 4 = 220 mínútur

*Hálfur tími er samþættur í íslensku og upplýsingatækni.
** Til viðbótar skyldu í 8. bekk er list/verk bundið val í 9.-10.b.

Í 8. bekk fá nemendur kennslu í eftirfarandi list- og verkgreinum: tónmennt, myndmennt, smíði, heimilisfræði og textílmennt.

Lykilhæfni er kennd innan allra námssviða allt skólaárið og hver fagdeild gerir grein fyrir námsmati á því sviði í námsáætlunum (<http://gardaskoli.is/namid/kennsluaetlanir/>).

Grunnþættir menntunar eru einnig fléttaðir inn í allt nám, allt skólaárið. Sérstaklega er unnið með þá á uppbrotsdögum: Gagn og gaman, jafnréttisþingi, listadögum, heilsudögum o.fl. Sjá nánar í kafla um grunnþættina [framar í þessari starfsáætlun](#).

Valgreinar

Skólaárið 2020-2021 eru eftirfarandi valgreinar í boði fyrir nemendur Garðaskóla:

Aðstoð við heimanám í stærðfræði, 1 tími á viku
Boðið til veislu, 1 tími á viku
Eldsnögg eldamennska, 1 tími á viku
Eðlisfræði, 2 tímar á viku
Enska og kvikmyndir 1, 2 tímar á viku

Enska og kvikmyndir 2, 2 tímar á viku
Enska ævintýramyndir, 2 tímar á viku
Enski boltinn, 1 tími á viku
Erasmus, 1 tími á viku
Excel, 1 tími á viku

Fatahönnun 9. bekk, 1 tími á viku
 Fatahönnun 10. bekk, 2 tímar á viku
 Félagsmálafræði, 2 tímar á viku
 Fimleikaval Stjörnunnar, 2 tímar á viku
 Fjölbrautar enska, 4 tímar á viku
 Fjölbrautar íslenska, 4 tímar á viku
 Fjölbrautar stærðfræði, 4 tímar á viku
 Flugferð enska, 3 tímar á viku
 Flugferð íslenska, 4 tímar á viku
 Flugferð stærðfræði, 4 tímar á viku
 Forritun og hönnun vélmennis, 1 tími á viku
 Forritunar- og hönnunarkeppni, 2 tímar á viku
 Franska og frönsk menning, 1 tími á viku
 Golfhópur GKG, 1 tími á viku
 Heilsuæði með heilsufæði, 1 tími á viku
 Heimspeki, 2 tímar á viku
 Hlaðvarp, 1 tími á viku
 Hljóðfæra- og hljómsveitarkennsla, 1 tími á viku
 Hönnun og tækni, 1 tími á viku
 Knattspyrnuval Stjörnunnar, 2 tímar á viku

Kvikmyndalæsi, 2 tímar á viku
 Körfuknattleiksval Stjörnunnar, 2 tímar á viku
 Leiðtogafærni, 1 tími á viku
 Leir, skúlpútur, hönnun, 2 tímar á viku
 Lærum að forrita, 1 tími á viku
 Málfræðigrunnur, 1 tími á viku
 Myndasögugerð, 1 tími á viku
 Myndlist, 2 tímar á viku
 Nemendaráðgjöf, 1 tími á viku
 Þrjón, 1 tími á viku
 Rafmögnum tónlist, 1 tími á viku
 Sálfræði, 1 tími á viku
 Slökun, 1 tími á viku
 Smíði og nýsköpun, 2 tímar á viku
 Tímavélin, 1 tími á viku
 Tómsundastarf utan skóla, 1 tími á viku
 Verk- og listgreinaval Tækniskólans, 2 tímar á viku
 Verkleg náttúrufræði, 1 tími á viku
 Þýska, 2 tímar á viku

Námsáætlanir

Námsáætlanir eru í grundvallaratriðum sömu skjöl og áður hafa verið kölluð kennsluáætlanir. Ástæða nafnabreytingarinnar er að með innleiðingu Aðalnámskrár 2011/2013/2016 er megin áhersla lögð á að skólinn fjalli um nám frekar en kennslu, árangur nemenda frekar en vinnu kennara. Námsáætlunum er því ætlað að lýsa þeim viðmiðum sem nemendur stefna að í skólastarfinu og hvaða vinnu þeim er ætlað að leggja af mörkum.

Námsáætlanir í öllum námsgreinum eru aðgengilegar á heimasíðu skólans (<http://gardaskoli.is/namid/kennsluaetlanir/>). Í þeim er gerð grein fyrir hæfniviðmiðum og lykilhæfni sem stefnt er að í náminu, helstu kennsluáðferðum og mati á hæfni á námssviðinu. Skólaárið 2019-2020 verður áfram lögð áhersla á að lýsa þeim hæfniviðmiðum sem stefnt er að og hvernig nemendum er leiðbeint í áttina að því að ná þeim. Áhersla verður lögð á að lýsingar á vinnu með grunnþætti menntunar verði til staðar í öllum námsáætlunum.

Námsmat

Námsmat á að vera leiðbeinandi fyrir nemendur. Hæfni- og matsviðmið eiga að vera sýnileg nemendum í framvindu náms og einkunnir, sem gefnar eru í bókstöfum, vísa til matsviðmiða. Eins og þróun námsáætlana í Garðaskóla ber með sér hefur áhersla fæst frá því að tala um markmið náms til þess að horfa á þá hæfni sem nemendur eiga að geta sýnt við lok námsferils. Leiðsagnarmat hefur þróast og aukist innan skólans hægt og þétt. Við útskrift úr 10. bekk notar skólinn rafrænt útskriftarskírteini Menntamálastofnunar.

Nánari upplýsingar um námsmat í Garðaskóla má nálgast á vef skólans: <http://gardaskoli.is/namid/namsmat/>

Samræmd próf

Samræmd próf verða haldin í 9. bekk í mars 2020. Nemendur taka samræmd próf í ensku, íslensku og stærðfræði. Menntamálastofnun skipuleggur prófin og leiðbeinir skólum um fyrirlögn. Prófin eru öll rafræn og skólinn á gott samstarf við Tölvudeild Garðabæjar við undirbúning verkefnisins. Nánari upplýsingar um fyrirkomulag samræmdra prófa má lesa á vef Menntamálastofnunar: <https://mms.is/samraemd-konnunarprof>.

Stoðþjónusta

Námsver Garðaskóla – Miðstöð fyrir stuðning og sérkennslu

Samkvæmt [Lögum um grunnskóla nr. 91/2008](#) á skólinn „að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.“ Í [reglugerð um nemendur með sérþarfir nr. 585/2010](#) er áréttað að allir nemendur eigi að fá „jöfn tækifæri á eigin forsendum til náms og virkrar þátttöku í grunnskólum án aðgreiningar þannig að komið sé til móts við náms-, líkams-, félags- og tilfinningalegar þarfir þeirra.“

Stuðningur og sérkennsla eru ætluð þeim sem þurfa meiri hjálp við nám sitt en kennarar geta veitt í almennum kennslustundum. Helstu markmið þessarar þjónustu eru að styrkja sjálfsmynd nemenda og veita þeim kennslu í samræmi við þroska og getu, að styrkja nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum og að treysta samskipti við foreldra. Í Garðaskóla er að jafnaði ekki gerð krafa um að nemandi hafi greiningu á námsvanda til að hann fái þjónustu í námsverinu. Ef nemandi hefur þörf fyrir sérþjónustu þá leggur starfsfólk skólans sig fram um að mæta henni. Í Garðaskóla er lögð höfuðáhersla á að stundaskrá nemenda sé miðuð að þörfum og óskum hvers nemanda þannig að hann geti staðið undir þeirri ábyrgð sem henni fylgir. Deildarstjóri námsvers og sálfræðingur skólans vinna greiningar á þroska, lestrarfærni, einbeitingu og fleiri þáttum með samþykki og í samráði við foreldra viðkomandi nemenda.

Stuðningur og sérkennsla fer fram í námsveri Garðaskóla og stýrir deildarstjóri námsvers starfsemi þess. Í námsveri starfa kennarar, þroskaþjálfar, skólafélagsráðgjafi og stuðningsfulltrúar. Aðrir sérfræðingar eru ráðnir eftir þörfum hverju sinni. Kennsla í námsveri fer fram inni í bekkjum, í litlum hópum og einstaklingslega, allt eftir þörfum og aðstæðum. Fjöldi tíma sem nemendur sækja er mjög mismunandi. Sumir sækja tímabundið einn tíma á viku á meðan aðrir nemendur sækja allt að 20 tíma á viku allt skólaárið í námsveri.

Í bekkjakerfi 8. bekkjar eru stuðningur og sérkennsla skipulögð inn í bekkjarhópana og þá er áherslan lögð á íslensku, stærðfræði og félagsfærni. Hluti af þessum stuðningi er veittur inni í bekkjunum en í ákveðnum kennslustundum eru litlir hópar nemenda með vel skilgreinda sérkennsluþörf teknir út úr bekkjunum. Nemendur 8. bekkjar hafa þétt setna stundatöflu og eru yfirleitt með samfelldan skóladag frá 8.10-14.15. Af þessum sökum er ekki hægt að veita þeim aukatíma í stuðning eins og gert er í 9. og 10. bekk nema í undantekningartilvikum.

Til að sem flestir nemendur í 9. og 10. bekk fái námsverkefni við sitt hæfi er notast við áfangakerfi. Það þýðir að mismiklar kröfur eru gerðar um vinnuframlag eftir áhuga, metnaði og námshæfni nemenda, sjá nánari lýsingu í [kafla um ferðakerfið](#). Í hópum þar sem nemendur hafa miklar sérþarfir eru tveir kennarar sem geta þá lagað bekkjarstarfið að aðstæðum og einstaklingum. Í öllum hópum eru einhverjir sem eiga erfiðara með að tileinka sér námsefnið sem fyrir þá er lagt. Þeir geta fengið stuðning

við nám sitt í stærðfræði og íslensku í námsveri skólans. Þetta þýðir að nemendur í stuðningstímum í námsverinu eru úr flestum „ferðum“ skólans og þar er því námslega blandaður hópur.

Íslenska fyrir útlendinga og nemendur sem hafa búið lengi erlendis er kennd í litlum hópum og með stuðningi inni í ýmsum faghópum.

Á hverjum vetri sækja um 30% nemenda Garðaskóla þjónustu af einhverju tagi í námsverinu. Nánari upplýsingar um starfsemi námsversins má nálgast [á heimasíðu Garðaskóla](#).

Nemendavernd

Við Garðaskóla starfar nemendaverndarráð skv. [reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum](#). Nemendaverndarráð hefur það meginmarkmið að starfa að velferðarmálum einstakra nemenda í skólanum. Nemendaverndarráð samræmir störf þeirra sem sjá um málefni nemenda varðandi forvarnarstörf, heilsugæslu, námsráðgjöf, sérkenntu og sérfræðiþjónustu. Ráðið er skólastjóra og aðstoðarskólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Nemendaverndarráð fjallar um úrræði í málum nemenda sem til þess er vísað. Fundir eru bókaðir og farið er með allar upplýsingar samkvæmt reglum um meðferð trúnaðargagna. Þegar máli nemanda er formlega vísað til nemendaverndarráðs eru foreldrar upplýstir um það.

Nemendaverndarráð fundar vikulega á starfstíma skóla og í því sitja aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar árganga og námsvers, námsráðgjafar og skólafélagsráðgjafi. Einu sinni í mánuði funda fulltrúar samstarfsaðila með nemendaverndarráði skólans: skólahjúkrunarfræðingur, skólasálfræðingur, forstöðumaður félagsmiðstöðvar, fulltrúi fjölskyldusviðs Garðabæjar og fulltrúi meðferðarteymis Heilsugæslunnar. Umsjónarkennarar og skólafélagsráðgjafi mæta á fundi þegar þörf er á því. Deildarstjóri námsvers boðar til, stjórnar og leggur fram dagskrá funda nemendaverndarráðs. Allir starfsmenn skólans geta vísað málum til nemendaverndarráðs í samráði við deildarstjóra námsvers.

Nemendaverndarráð fjallar um einstaka nemendur, mál hópa og heilla bekkja, agamál og annað er varðar velferð nemenda við skólann. Hugað er að námslegum þáttum, sjálfsmynd og líðan og félagslegri stöðu nemenda. Ráðið ákveður hver/hverjir taka að sér hvert mál og hvenær viðkomandi skal greina frá árangri þess sem gert er. Ráðið getur kallað á sinn fund þá aðila innan skólans og utan sem það telur að geti upplýst sig um ákveðin málefni. Full trúnaðarskylda fundarmanna gildir á öllum fundum nemendaverndarráðs.

Eineltisáætlun

Garðaskóli tekur þátt í verkefninu „[Gegn einelti í Garðabæ](#)“ sem er samstarfsverkefni grunnskóla bæjarins. Markmið verkefnisins er að koma á samræmdum vinnubrögðum til að fyrirbyggja og bregðast við einelti, bæta líðan og öryggi nemenda og skólabraginn í heild. Í eineltisáætlun Garðabæjar er birt skilgreining á einelti, hvernig starfsmenn eiga að bregðast við og vinna með það. Allir starfsmenn skólans taka þátt í verkefninu.

Í skólanum er starfrækt eineltisteymi sem situr einnig í verkefnastjórn „Gegn einelti í Garðabæ“. Í teyminu sitja:

- Ásta Gunnarsdóttir, námsráðgjafi
- Ásta Huld Henrysdóttir, aðstoðarskólastjóri
- Hjördís Guðný Guðmundsdóttir, deildarstjóri
- Jóhanna Margrét Eiríksdóttir, náms- og starfsráðgjafi

Samskiptamál milli nemenda og grunur um einelti er ávallt sett í forgang fram yfir önnur verkefni starfsmanna. Áhersla er lögð á að skoða strax málin og leysa þau með viðkomandi aðilum. Unnið er eftir [samræmdum vinnuferli eineltisáætlunar Garðabæjar](#).

Námsráðgjöf

Í Garðaskóla starfa tveir námsráðgjafar í fullum stöðum. Námsráðgjafi er málsvari nemenda og trúnaðarmaður. Hlutverk námsráðgjafa er að vinna með nemendum, forráðamönnum, kennurum, skólastjórnendum, sálfræðingi, hjúkrunarfræðingi og öðrum starfsmönnum að velferð nemenda. Einnig vinna námsráðgjafar með fagaðilum utan skólans að ýmiss konar velferðarstarfi er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda og vísar málum til fagaðila eftir því sem við á. Námsráðgjafar í Garðaskóla halda utan um náms- og starfsfræðslu í skólanum og gegna lykilhlutverki við þróun á frekara samstarfi við nærumhverfi og fyrirtæki varðandi starfskynningar og starfsfræðslu.

Nemendur og forráðamenn geta leitað beint til námsráðgjafa vegna mála er tengjast nemendum. Námsráðgjafar Garðaskóla hafa aðstöðu í stofu 218 á 2. hæð og þangað eru nemendur ávallt velkomnir. Einnig er hægt að panta viðtal hjá námsráðgjafa í gegnum skrifstofu skólans eða með tölvupósti. Velferð nemenda og vellíðan þeirra bæði í skóla og utan hans tengist starfi námsráðgjafa í samvinnu við forráðamenn.

Helstu verkefni námsráðgjafa eru að:

- veita nemendum ráðgjöf um náms- og starfsval og fræða þá um nám, störf og atvinnulíf.
- leiðbeina nemendum um vinnubrögð í námi.
- veita nemendum stuðning og hvatningu í námi til að ná settum markmiðum.
- veita nemendum persónulega ráðgjöf.
- vinna með nemendum og forráðamönnum í samskipta – og eineltismálum.
- bjóða nemendum að taka áhugasviðskönnun og setja sér markmið í kjölfarið.
- sinna fyrirbyggjandi starfi í samstarfi við aðra starfsmenn og nemendaverndarráð skólans.
- vinna með foreldrum varðandi líðan, hegðun og námi barna þeirra.
- hafa umsjón með nemendaráðgjöfum skólans og vinna að jafningjafræðslu.
- skipuleggja starfsfræðslu skólans.

Nemendaráðgjafar

[Nemendaráðgjöf Garðaskóla](#) er byggð á þeirri hugmynd að unglingar leita oft til vina eða jafningja ef þeir þurfa að taka einhverja mikilvæga ákvörðun eða eru í einhverjum vanda. Nemendaráðgjöf felst í því að nokkrir nemendur skólans eru valdir til að vera nemendaráðgjafar eða bjóða sig fram í það. Nemendaráðgjöf er metin sem valgrein hjá nemendum í 9. og 10. bekk Garðaskóla.

Hlutverk nemendaráðgjafa í Garðaskóla er m.a. að styðja og aðstoða einstaka nemendur, vinna að bættum samskiptum, vinna gegn einelti í skólanum m.a. með fræðslu til yngri nemenda og taka á móti nýjum nemendum sem koma í skólann. Nemendaráðgjafar hafa unnið að skipulagi 10. bekkjarkvölds á vorönn þar sem kynning fer fram á námsframboði framhaldsskólanna. Frekari verkefni hafa verið valin í samráði við nemendaráðgjafa sem starfa með og undir leiðsögn námsráðgjafa skólans.

Þeir sem taka að sér að vera nemendaráðgjafar þurfa m.a. að láta sér annat um líðan annarra og vera heiðarlegir og traustir. Þeir þurfa að hafa jákvætt viðmót og viðhorf til skólans, hafa áhuga á að bæta skólaandann og vera tilbúnir að vinna að því.

Skólafélagsráðgjöf

Skólafélagsráðgjafi vinnur í nánú samstarfi með forráðamönnum, kennurum, skólastjórnendum og öðru sérfræðifólki sem koma að starfi nemenda. Hann er málsvari nemenda og trúnaðarmaður og leitar lausna í málum þeirra. Félagsráðgjafi hefur sérþekkingu umfram aðrar starfsstéttir á barnaverndarlögum og úrræðum samfélagsins.

Skólafélagsráðgjafi fylgist vel með skólabrag, hegðun og líðan nemenda. Hann leiðbeinir nemendum í átt til betri sjálfsstjórnar með samtölum, samningum og eftirfylgd. Skólafélagsráðgjafi leiðbeinir kennurum um vinnubrögð í starfi með nemendum með litla sjálfsstjórn. Einnig verður félagsráðgjafi til viðtals fyrir foreldra, t.d. um hæfilega ramma í uppeldi unglunga.

Skólafélagsráðgjafi í Garðaskóla er Vigdís Sigurlínudóttir og hóf hún störf vorið 2019.

Sálfræðipjónusta

Sálfræðingur í Garðaskóla er Guðrún Kristófersdóttir. Hún hefur aðsetur á bæjarskrifstofum en er líka með viðtalstíma skv. samkomulagi í Garðaskóla. Skrifstofa sálfræðings í Garðaskóla er í stjórnunarálmú. Skilafundir eru haldnir á skrifstofu deildarstjóra námsvers í stofu 205.

Sálfræðingur vinnur að forvarnastarfi í samvinnu við starfsmenn skólans meðal annars með kennslufræðilegum og sálfræðilegum athugunum og greiningu á nemendum sem eiga í erfiðleikum sem hafa áhrif á nám þeirra. Sálfræðingur situr fundi í nemendaverndarráði aðra hvora viku og hittir stjórnendur og kennara í skólanum eftir þörfum. Hann skipuleggur og stjórnar skilafundum með nemendum, foreldrum og starfsmönnum skólans.

Verksvið sálfræðings:

- Athugun og greining á nemendum sem geta ekki nýtt hæfileika sína í námi og starfi og eiga í sálrænum, félagslegum eða námslegum erfiðleikum.
- Skipulagning á meðferðarúrræðum fyrir nemendur.
- Ráðgjöf og leiðbeiningar til foreldra og starfsmanna skóla um uppeldi og kennslu nemenda.
- Samvinna við einstaklinga og stofnanir sem fara með fjölskyldumál.
- Tengsl við félags- og heilbrigðissvið vegna barnaverndarmála.
- Öflun og miðlun upplýsinga.

Umsóknir um þjónustu

Í grunnskólum Garðabæjar er staðlað eyðublað fyrir umsóknir um sérfræðipjónustu skóladeildar, t.d. greiningu hjá sálfræðingi eða talmeinafræðingi. Foreldrar sem vilja sækja um þjónustu eða greiningu fyrir börn sín þurfa að fylla út eyðublaðið í samráði við deildarstjóra námsvers í Garðaskóla. Umsóknir

eru ekki afgreiddar nema viðeigandi fylgiskjöllum sé skilað og undirskrift foreldra sé til staðar. Eyðublaðið má nálgast hjá deildarstjóra námsvers og á [heimasíðu Garðabæjar](#).

Deildarstjóri námsvers heldur utan um umsóknir um þjónustu sálfræðings: tekur við eyðublöðum, sendir umsóknir áfram til sálfræðingsins og heldur skrá yfir ferli mála. Slíkt yfirlit er aðgengilegt þroskajálfum, námsráðgjöfum, kennurum og stjórnendum skólans.

Athygli skal vakin á því að nemendur og foreldrar þeirra geta snúið sér beint til sálfræðingsins án milligöngu skólans.

Skólaheilsugæsla

Skólaheilsugæsla er á vegum Heilsugæslunnar í Garðabæ. Garðaskóli hefur ekki fengið úthlutað skólahjúkrunarfræðingi fyrir skólaárið 2020-2021.

Markmið heilsuverndar skólabarna er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsemi hennar er samkvæmt lögum, reglugerðum og tilmælum landlæknis. Í henni felast skimanir, viðtöl um lífsstíl og líðan, bólusetningar og heilbrigðisfræðsla, ásamt ráðgjöf til nemenda, fjölskyldna þeirra og starfsfólks skólans. Nánari upplýsingar um starfsemi skólaheilsugæslunnar má nálgast á [Heilsuvefnum](#).

Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur í samvinnu við foreldra/ forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem veita skólabarninu þjónustu. Starfsfólk heilsugæslunnar er bundið þagnarskyldu.

Skólahjúkrunarfræðingur, kennari eða skólaliði veita fyrstu hjálp ef slys ber að höndum. Ef barn veikist í skólanum eða meiðist alvarlega er haft samband við forráðamenn. Því er nauðsynlegt að skólinn hafi símanúmer foreldra/forráðamanna.

Skólaheilsugæslan heldur utan um allar lyfjagjafir á skólatíma. Landlæknisembættið hefur gefið út [tilmæli](#) um framkvæmd og utnumhald slíkra mála og er þeim fylgt í Garðaskóla.

Túlkajónusta

Í Garðaskóla er kallað eftir þjónustu túlka þegar þörf er á. Áhersla er lögð á að veita foreldrum þessa þjónustu þegar þeir koma í skólann á fundi eða viðburði svo sem skólaslit og árgangakvöld. Deildarstjórar sjá um að panta túlkajónustu hjá viðeigandi þjónustumiðstöð og mikilvægt er að foreldrar séu í góðu sambandi við deildarstjóra og greini þeim frá þörfum sínum.

Áfallaráð

Hlutverk áfallaráðs er að skilgreina mögulegar aðstæður/hættur sem skapast geta í skólanum og vinna áfallaáætlun fyrir skólann. Ráðið metur í hvaða tilvikum eigi að grípa til áfallahjálpar og skipuleggur fræðslu um áfallahjálp. Áfallaráð annast verkstjórn þegar válegir atburðir gerast.

Áfallaráð hefur yfirumsjón með viðbrögðum við náttúruhamförum, eldvörnum og rýmingaráætlun og skipuleggur rýmingaráæfingar í skólanum. Ráðið fer árlega yfir [viðbragðs- og áfallaáætlun skólans](#) og uppfærir eftir þörfum.

Trúnaðargögn og skjalavarsla

Skólar eru skv. lögum skyldaðir til að halda spjaldskrá yfir nemendur sínar þar sem fram koma ýmsar upplýsingar um nemandann. Auk þess geyma skólarnir oft upplýsingar, bréf, leiðbeiningar o.fl. um nemendur sem farið hafa til sálfræðings, læknis eða annarra sérfræðinga og fengið eftir það greiningu.

Skjalastjóri Garðabæjar hefur eftirlit með skjalavörslu grunnskóla og leiðbeinir starfsfólki og stjórnendum um rétt vinnubrögð.

Gögn um greiningar og annað er varðar líðan eða námslegar þarfir nemenda í Garðaskóla eru í vörslu deildarstjóra námsvers. Ekki er heimilt að ljósrita slíkar upplýsingar nema með leyfi og vitund deildarstjóra námsvers. Skólanum er óheimilt að afhenda gögnin öðrum en foreldrum/forráðamönnum nema með samþykki þeirra. Foreldrar geta alltaf haft samband við deildarstjóra námsvers til að fá aðgang að þeim gögnum sem til eru um barn þeirra. Við útskrift úr Garðaskóla geta nemendur og foreldrar fengið afrit af þeim skjölum sem til eru í skólanum. Foreldrar eru hvattir til að huga að þessu við skólalok og koma nauðsynlegum gögnum í þann framhaldsskóla sem unglingurinn mun hefja nám við að grunnskóla loknum.

Kennarar hafa samband við deildarstjóra námsvers þegar þá vantar upplýsingar úr skýrslum og greiningum. Starfsmenn gæta sérstakrar aðgæslu í vinnu með viðkvæm gögn s.s. prófúrlausnir, yfirlit um einkunnir eða skólasókn. Það er skýr regla að slík gögn mega ekki undir neinum kringumstæðum liggja á glámbekk. Kennarar og aðrir starfsmenn hafa aðgang að læstum hirslum til að varðveita trúnaðargögn sem þeir hafa umsjón með. Einnig er brýnt fyrir kennurum að þeir hleypi ekki nemendum inn á vinnusvæði kennara s.s. fjölrítunarherbergi eða fagstofur.

Nánustu samstarfsaðilar

Garðaskóli er skólasamfélag þar sem áhersla er lögð á að fólk fái að njóta styrkleika sinna og taka þátt í þeim verkefnum sem það hefur áhuga á. Starfsmenn sérhæfa sig á ákveðnum sviðum og leitað er til aðila utan skólans eftir þörfum og áhuga hverju sinni. Starf skólans og félagsmiðstöðvarinnar Garðalundar er samtvinnað og fleiri samstarfsaðilar koma að starfinu eftir atvikum.

Félagsmiðstöðin Garðalundur

Garðaskóli og félagsmiðstöðin Garðalundur samnýta að stórum hluta húsnæði og búnað og starfsemi Garðalundar er fléttuð inn í starfstíma skóla með ýmsu móti. Starfsmenn Garðalundar vinna að félagsstarfi nemenda skólans og halda utan um starfsemi félagsmálavals Garðaskóla. Stefnan er að nokkrir kennarar skólans séu jafnframt hlutastarfsmenn félagsmiðstöðvar og stofnanirnar séu vel tengdar saman í gegnum starfsmannahópinn og vinnustaðinn sem eina heild. Hugmyndafræðin og kerfið hefur reynst afar farsælt og hagkvæmt að mati stjórnenda.

Forstöðumaður Garðalundar situr í nemendaverndarráði Garðaskóla og er fulltrúi grenndarsamfélags í skólaráði. Stofnanirnar styrkja hvor aðra og fylgjast sameiginlega með velferð nemenda, vinna að forvarnarstarfi og skipuleggja úrræði fyrir unglinga sem þess þurfa sérstaklega.

Starfsfólk Garðalundar heldur utan um hóp nemenda sem valið hefur félagsmál sem valgrein. Þessi hópur skipuleggur helstu viðburði í félagslífi nemenda og vinnur að undirbúningi og framkvæmd þeirra.

Garðalundur starfrækir ýmsa klúbba og er með opið hús öll virk kvöld. Stærri viðburðir eru líka árlega á dagskrá s.s. verkefni í samstarfi við Samfés (Samtaka félagsmiðstöðva). Starfsfólk Garðalundar kemur að skipulagi á ýmsum viðburðum í samstarfi við starfsfólk Garðaskóla og ber þar hæst Dag skólans, Gagn og gaman þemadagana og árshátíð skólans.

Nánari upplýsingar um starf Garðalundar og nemendafélags má nálgast á [Facebook síðu](#) þar sem hægt er að fylgjast með dagskrá.

Fjölskyldusvið Garðabæjar

Starfsmenn fjölskyldusviðs Garðabæjar taka á móti tilvísunum um misfellur nemenda í námi og einkalífi. Fulltrúi fjölskyldusviðs situr fundi nemendaverndarráðs tvisvar í mánuði og vinnur með skóla að lausn mála. Skólastjóri vísar málum til barnaverndarnefndar þegar nauðsyn þykir til og eftir umfjöllun í nemendaverndarráði.

Tengiliður Garðaskóla á fjölskyldusviði er Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi, s: 525 8500.

Öllum starfsmönnum Garðaskóla er ráðlagt að kynna sér [Lög um vernd barna og ungmenna nr. 80/2002](#).

Fræðslu- og menningarsvið Garðabæjar

Garðaskóli heyrir undir Fræðslu- og menningarsvið Garðabæjar. Forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs er Eiríkur Björn Björgvinsson.

Skóladeild Garðabæjar heyrir undir Fræðslu- og menningarsvið. Deildastjóri skólaskrifstofu er Edda Björg Sigurðardóttir. Skólaskrifstofan annast umsýslu ýmissa málefna grunnskólanna. Skrifstofa skóladeildar er í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Skólanefnd grunnskóla

Skólanefnd grunnskóla er pólitískt kjörin nefnd og kemur að stefnumótun og ákvarðanatöku í málefnum allra grunnskólanna í bænum. Þar sitja pólitískir fulltrúar auk fulltrúa kennara, foreldra og skólastjórnenda. Nefndin hittist reglulega á starfstíma skólans.

Grunnstoð Garðabæjar

Í Grunnstoð Garðabæjar eiga sæti fulltrúar foreldrafélaga í Álftanesskóla, Flataskóla, Garðaskóla, Hofstaðaskóla, Sjálandsskóla, Urriðaholtsskóla, Alþjóðaskólanum á Íslandi og Barnaskóla Hjallastefnunnar.

Grunnstoð hittist að jafnaði fimm sinnum á starfstíma skóla og ræðir sameiginleg málefni skólanna. Tilgangur Grunnstoðarinnar er að efla rödd foreldra sem hagsmunahóps og sameina krafta þeirra til góðra verka í skólamálum. Samstarfið auðveldar foreldrafulltrúum að vera bæjaryfirvöldum til aðstoðar og ráðuneytis um skóla- og fjölskyldumál. Grunnstoð er í samstarfi við Heimili og skóla – landssamtök foreldra. Nánari upplýsingar um Grunnstoð má nálgast á [vef Garðabæjar](#).

Netfang Grunnstoðar er: grunnstod@gardabaer.is

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Garðaskóli hefur um árabíl átt náið samstarf við Fjölbrautaskólann í Garðabæ (FG). Samkomulag er í gildi milli skólanna um að FG viðurkenni til eininga nám þeirra nemenda sem ljúka fjölbrautaáföngum í Garðaskóla. Náið samstarf er milli fagdeilda Garðaskóla og samsvarandi fagdeilda í FG. Kennarar funda reglulega til að fara yfir val á námsefni, námsmat og kennsluáætlanir.

Stjórnendur FG hafa boðið starfsfólki unglingaskólanna í Garðabæ til fundar annað hvert vor. Stjórnendur skólanna hittast oftar.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Stjórnendur Garðaskóla og Garðalundar hafa samstarf við lögreglu höfuðborgarsvæðisins eins og þörf er á til að halda uppi forvörnum og bregðast við neikvæðri hegðun. Samstarf við lögregluna hefur þó minnkað umtalsvert undanfarin misseri og er það miður. Engir reglulegir samráðsfundir eru á dagskrá en stjórnendur Garðaskóla og Garðalundar hafa sótt upplýsingafundi lögreglunnar þegar þeir eru haldnir.

Kirkjan í Garðabæ og önnur trúfélög

Nemendum Garðaskóla er gefið það svigrúm sem þeir óska eftir til að starfa með kirkjunni og öðrum trú- og lífsskoðunarfélögum, t.d. í tengslum við fermingarfræðslu. Kirkjan í Garðabæ tekur tillit til stundaskrár skólans þegar fermingarfræðsla er skipulögð.

Áfallaráð Garðaskóla leitar iðulega til presta Vídalínskirkju þegar nemendur og/eða starfsfólk verður fyrir áföllum vegna slysa eða andláts nákominna.

Stjórnendur skólans geta leitað í sjóð sem Vídalínskirkja hefur umsjón með til að leysa félagslegan vanda sem nemendur eiga við. Slík umsókn er undirbúin í nemendaverndarráði og er óháð trú viðkomandi nemenda.

Mat á skólastarfi og skólaþróun

Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Í [lögum nr. 91/2008 um grunnskóla, 10. kafla aðalnámskrár](#) grunnskóla og [skólastefnu Garðabæjar](#) frá 2014 er að finna ákvæði um mat á skólastarfi. Markmið mats og eftirlits er einkum þríþætt. Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Innra mat

Markmið skólanámskrár eru metin í innra mati skólans. Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hefur verið náð. Aðferðir við innra mat taka mið af þeim viðfangsefnum sem unnið er að hverju sinni. Innra mati skóla skal lýst í skólanámskrá og niðurstöður eru aðgengilegar á [vef Garðaskóla](#). Í starfsáætlun skólans fyrir hvert skólaár á að koma fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats.

Gæðanefnd Garðaskóla í samstarfi við skólastjóra skipuleggur innra mat skólans og semur sjálfsmatsáætlun. Helstu verkþættir áætlunarinnar 2020-2021 eru:

- Áframhaldandi vinna samkvæmt umbótaáætlun vegna ytra mats á Garðaskóla 2018.
- Nýta kannanir Skólapúlsins markvisst til að fylgjast með skólabrag. Aukaspurningar um umsjónartíma og yndislestartíma verða lagðar fyrir nemendur í könnunum ársins.
- Leggja fyrir styttri kannanir til að meta ákveðin verkefni í starfi skólans, t.d. vinnu með umsjónarbekkjum fyrstu skóladagana.
- Endurskoðun á skólanámskrá Garðaskóla.
- Skólastjórnendur afla markvisst upplýsinga og nýta þær jafnóðum til að skilgreina styrkleika og veikleika í skólastarfinu og koma málum í réttan farveg:

- Rýniviðtöl skólastjórnenda með umsjónarþekkingum, nemendaráði og foreldrafélagi.
- Starfsmannaviðtöl sem skólastjóri/aðstoðarskólastjóri halda með öllum starfsmönnum a.m.k. einu sinni á ári.

Gerð er grein fyrir innra mati skólans í ársskýrslu sem aðgengileg er á [vef skólans](#). Ársskýrslan er einnig til útláns frá bókasafni skólans.

Ytra mat

Ytra mat er á ábyrgð [Mennta- og menningarmálaráðuneytis](#) og eftir atvikum sveitarfélaga sem bera ábyrgð á rekstri skóla. Ráðuneytið felur Menntamálastofnun framkvæmd ytra mats, sjá nánar á vef MMS: <https://mms.is/ytra-mat-skola-3>. Matið skal byggjast á fjölbreyttum gögnum og upplýsingum s.s. niðurstöðum innra mats og öðrum skriflegum gögnum frá skólum, heimsóknum í skóla og viðtölum eftir því sem við á og athugun á kennslu.

Menntamálastofnun gerði ytra mat á Garðaskóla í nóvember 2018. Skólaárið 2020-2021 er áfram unnið að framkvæmd umbótaáætlunar í kjölfar þess mats.

Skólanefnd Garðabæjar nýtir Skólavísi og niðurstöður kannana skólalánsins til að fylgjast með starfi Garðaskóla.

Starfsþróun

Starfsþróun starfsfólks og símenntun má skipta í tvo meginþætti: Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem starfsfólk metur æskilega eða nauðsynlega sína eigin framþróun í starfi. Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu á grundvelli innra mats skólans. Starfsfólk greinir skólastjóra frá þeim þáttum í sí- og endurmenntun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á skv. símenntunaráætlun skóla, enda séu þau á vinnutíma og starfsfólki að kostnaðarlausu.

[Starfsþróunaráætlun Garðaskóla](#) er birt á heimasíðu skólans. Meðal þeirra verkefna sem sérstök áhersla verður lögð á í símenntun starfsmanna Garðaskóla 2019-2020 eru:

- Allir starfsmenn fari á námskeið í Uppbyggingarstefnunni.
- Allir kennarar taki þátt í þróun kennsluhátta og námsmats í takt við kröfur Aðalnámskrár. Þar á meðal er starfsþróun sem lýtur að vinnu með leiðbeinandi kennsluhætti, grunnþætti menntunar og lykilhæfni. Allir kennarar taka þátt í kennslustundarýni sem lið í að þróa sig í starfi.
- Allir starfsmenn búi yfir grunnfærni í barnavernd og þekki verklag í þeim málum í Garðabæ.
- Allir starfsmenn búi yfir grunnfærni í skyndihjálp og eldvörnum.
- Allir starfsmenn hafi svigrúm til að þróa færni sína og þekkingu á því sviði sem þeir hafa mestan áhuga á og þjónar þörfum skólans.

Nánari lýsingu á þeim starfsþróunarverkefnum sem starfsmenn Garðaskóla taka þátt í má lesa í starfsþróunaráætlun á vef skólans.

Skólaþróun

Eins og fram hefur komið í starfsáætlun Garðaskóla leggur starfsfólk Garðaskóla áherslu á þrjá meginþætti í þróun skólafarsins:

- Leiðbeinandi kennsluhætti.
- Jákvæðan skólabrag.
- Öflugt samstarf við foreldra og nærsamfélag.

Verkbættir eru nánar útfærðir í umbótaáætlun vegna ytra mats 2018: <http://gardaskoli.is/library/Files/Mat-a-skolastarfi/Umb%C3%B3ta%C3%A1%C3%A6tlun%20Gar%C3%B0ask%C3%B3la%202019-2020.pdf>.

Meðal þess sem unnið verður að á skólaárinu eru verkefni sem starfsfólk skólans hlaut styrki til úr þróunarsjóði grunnskóla í Garðabæ. Nokkur af þessum verkefnum hlutu styrk á fyrri árum en er ennþá ólokið, en flest verkefnin eru ný:

- Jafnrétti í Garðaskóla.
- Leiðbeinandi kennsluhættir í grunnskólum Garðabæjar.
- ATið – atvinnutengt nám í Garðaskóla.
- Verkfærakista KVAN – námskeið fyrir kennara.
- Aquaphonics, sjálfbærni og samþætting námsgreina
- Láttu tæknina vinna með þér til framtíðar – fræðsla til kennara í Garðabæ um rafræn hjálpartæki til læsis.
- Inngangur að efnafræði – rafbók.
- Upplýsingatækni og sköpun í hönnunarsmiðju – námskeið fyrir kennara í Garðabæ.
- Google apps for education myndbönd.
- Uppeldi til fjármálaábyrgðar.
- Heilsueflandi Garðaskóli, áhersla á starfsmenn.